

# Sóknarfæri

Júní 2023

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Gleðilega  
sjómanna  
dagshátíð!

RIT  
FORM

# Krefjandi og gefjandi starf

Þórdís Hafrún Ólafsdóttir verkstjóri hjá Þorbirni hf. í Grindavík

„Þetta er virkilega skemmtileg vinna, alltaf mikið að gera og margt sem þarf að huga að. Það er krefjandi en líka gefandi,“ segir Þórdís Hafrún Ólafsdóttir, fyrrverandi sjómaður sem starfað hefur sem verkstjóri hjá Þorbirni hf. í Grindavík undanfarnin ár. Þar er bæði unninn ferskur fiskur og í salt og starfa 60-70 manns við landvinnsluna. Þorbjörn gerir út fjögur skíp; Hrafn Sveinbjarnarson GK, Tómas Þorvaldson GK, Sturlu GK og Valdimar GK. Þá er í smíðum nýr togari á Spáni sem fyrirtækið tekur í notkun á næsta ári. Þórdís hefur bróðurpart starfsævi sinnar unnið við sjávarútveg og kann því einkar vel.

Þórdís er fædd og uppalin á Þingeyri við Dýrafjörð. Hún fór fyrst á sjó þegar hún var tíu ára gömul en þá gekk smokkfiskur inn fjörðinn og allir sem vettlingi gátu valdið héldu til veiða. „Ég fékk að fara með Sigga Frigga en hann átti litla trillu sem við rérum á út á Dýrafjörð og hófum veiðarnar. Mér fannst þetta ofboðslega gaman, algjört ævintýri,“ segir hún. Talsvert síðar fékk hún afleysingatúra sem kokkur á rækjubát sem gerður var út frá Sauðárkróki og þá fór hún síðar eina vertíð á snurvöðabát frá Hafnarfirði og hefur líka hefur líka leyst af eitt sumar á strandveiðibát fyrir vestan. Árið 2000 fékk hún fast pláss á togaranum Hrafn GK frá Grindavík sem Þorbjörn gerir út, var háseti fyrsta árið en eftir það sinnti hún starfi vinnslu- og gæðastjóra. „Það átti vel við mig að sinna gæðamálunum,“ segir hún.

## Margvíslegar framfarir sem eru til bóta

Alls var Þórdís um 17 ára skeið til sjós og segir það hafa verið góð ár. Starfið taki vel á og gott sé að vera sterkur, bæði líkamlega og ekki síður andlega. Margvíslegar framfarir hafi þó orðið í gegnum árin sem séu til bóta. Nefnir hún að fjarskipti séu allt önnur en var þegar þurfti að nota talstöð til að tala við fólk sitt í landi. Nú séu allir með eigin síma og tölvu um borð. Þá segir hún að tækniframfarir hafi leitt til þess að störf um borð séu almennt léttari en var og eins nefnir hún að öryggismálin hafi verið tekin fastari tókum en tíðkaðist í eina tíð og nefnir að Þorbjörn sinni þeim málaflökki vel.

Þórdís segir að fyrst og fremst þurfi sjómenn að hafa gott úthald. Það er ekki valkostur að hlaupa neitt frá, þeir eru fastir um borð og ganga sínar vaktir hvað sem á dynur. Það taki á marga að vera víðs fjarri fjölskyldu sinni um lengri tíma en algengt er að frystiskip séu við veiðar í um 30 daga í senn.

„Oftast var það nú alveg í fínu lagi en vissulega kom fyrir að eitthvað gerðist í landi og maður hefði gjarnan vilja vera þar. En það var ekki í boði. Sjómenn færa miklar fórnir með langdvölum fjarri fjölskyldu, þeir missa af mörgu í uppeldi barnanna og stundum af stórum áföngum í lífi þeirra en verst er auðvitað ef upp kemur sú staða að missa ástvin og komast hvergi.“

## Vildi í land eftir 17 ár á sjó

Sjálfri fannst henni nóg komið eftir 17 ára sjómennsku og fór að huga að starfi í landi. „Mér fannst liggja beint við að skoða möguleika á námi í Fisktækniskólanum og þá í framhaldi af starfi mínu á sjónum,“ segir hún en Þórdís lauk náminu og fékk stöðu hjá sínu gamla fyrirtæki, Þorbirni í Grindavík. Þórdís kom í land árið 2017 og



■ Þórdís var í allt 17 ára á sjó, þarf af lengst á Hrafn GK þar sem hún sinnti vinnslu- og gæðamálum. Hér stillir áhöfnin sér upp að loknum síðasta túrnum hjá henni.



■ Þórdís Hafrún Ólafsdóttir verkstjóri hjá Þorbirni hf. í Grindavík og Bjarki Guðmundsson yfirverkstjóri.



■ Aom, Olympia og Kondrad við flokkun á saltfiski.x

hefur starfað í landvinnslu Þorbjarnar síðan, í allt 23 ár hjá fyrirtækinu.

„Það segir sína sögu. Þetta er gott fyrirtæki sem hugsar vel um starfsfólkið sitt, mér hefur liðið mjög vel öll árin og vil hvergi annars staðar vera,“ segir Þórdís sem ekur úr heimabæ sínum Hafnarfirði til vinnu í Grindavík á hverjum virkum degi og finnst það ekki mikið mál. Hún segir það hafa tekið sig talsverðan tíma að ná nýrri rúttinu í landi, að vakna á morgnana og vinna yfir daginn en á sjónum skiptust ævinlega á átta tíma vinnu- og frívakur. „Ég var smá stund að ná nýjum takti en það kom.“

Þórdís segir starf verkstjóra krefjandi en fjölbreytt og að mörgu þurfi að hyggja. „Þetta er annasamt en það sem stendur upp úr er að starfið er skemmtilegt og vinnustaðurinn góður.“ Hún segir að konum standi fjölmargir möguleikar til boða þegar kemur að góðum og spennandi störfum innan sjávarútvegs. „Ég mæli með því að konur sækji sér menntun af einhverju tagi sem þeim hentar best og þá eru margar leiðir færar til að fá góð störf innan sjávarútvegsins,“ segir Þórdís.

# Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

Útgefandi: Ritform ehf.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).

Umsjón, og textavinnsla: Ritform ehf.

Hönnun og umbrot:

Guðmundur Þorsteinsson - Guddli.

Auglýsingar:

Inga Ágústsdóttir inga@ritform.is



Rafræn útgáfa á blaðinu er á [ritform.is](http://ritform.is) og [visir.is](http://visir.is)

Við erum líka á Facebook!



Prentun: Landsprent  
Dreifing: Íslandsþóstur

Forsíða: Sjómannadagurinn í Reykjavík - Mynd: Sjómannadagsráð

## SÉRHÆFING Í ÚTGÁFU KYNNINGARBLAÐA

Ritform ehf. sérhæfir sig í útgáfu kynningarblaða fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem fjallað er um sjávarútveg, fiskeldi, ferðamál og fleira. Auk þess gefur fyrirtækið út sjávarútvegstímaritið Ægi og rekur sjávarútvegsfréttaveituna Auðlindina.



Gott til endurvinnslu



# Gleðilega hátíð sjómenn

Við erum betri saman





■ Ægir Ólafsson, formaður Sjómannafélags Ólafsfjarðar, á skrifstofu félagsins. Félagið gefur út veglega bók í tilefni 40 ára afmælis þess í ár og verður henni dreift í bænum um sjómanna dagshelgina.

# Ársleyfi frá smíðum varð að 35 árum á sjónum

Ægir Ólafsson, formaður Sjómannafélags Ólafsfjarðar og varaformaður Sjómannasambands Íslands spjallar um félagið, sjómenskuna og breytingar í útgerðarsögu Ólafsfjarðar

Það veður óvenju mikið um dýrðir í Ólafsfirði um sjómanna dagshelgina í ár því þá fagnar Sjómannafélag Ólafsfjarðar 40 ára afmæli. Félagið stendur jafnan fyrir miklum hátíðarhöldum í bænum í tilefni af sjómanna deginum og á því verður ekki breyting í ár en að auki verður dreift til heimila í bænum veglegri bók sem skrifuð hefur verið í tilefni afmælisins. Ægir Ólafsson, formaður Sjómannafélags Ólafsfjarðar og varaformaður Sjómannasambands Íslands, segir félagið alla tíð hafa lagt áherslu á að styðja við verkefni í heimabyggð og láta þannig gott af sér leiða til samfélagsins. Ægir er einn af stofnfélögum Sjómannafélags Ólafsfjarðar á sínum tíma og var togarasjómáður í 35 ár áður en hann fór í land árið 2014 en stuttu síðar tók hann við formennsku og daglegum rekstri félagsins.

## Verkalýðshöllin á Akureyri dropinn sem fyllti mælinn

Í aðdraganda stofnunar Sjómannafélags Ólafsfjarðar fyrir 40 árum voru sjómenn í Ólafsfirði félagar í Sjómannafélagi Eyjafjarðar. Aðstæður voru talsvert aðrar þá en eru í dag og samgöngur til að mynda mun erfiðari þar sem var um Múlaveg að fara milli Ólafsfjarðar og Akureyrar þar sem skrifstofa Sjómannafélags Eyjafjarðar er.

„Það atriði sem varð til þess að við stofnuðum félagið og fórum út úr Sjómannafélagi Eyjafjarðar var bygging Alþýðuhússins á Akureyri og þær skuldbindingar sem við stóðum frammi fyrir með þátttöku í þeirri fjárfestingu. Stofnun sjómanna félags hér í Ólafsfirði hafði á þess-

## Sjómannafélag Ólafsfjarðar fagnar 40 ára afmæli með veglegri afmælisbók

um árum nokkrum sínum verið rædd en það var bygging Alþýðuhússins, eða Verkalýðshallarinnar eins og húsið er gjarnan kallað, sem segja má að hafi verið dropinn sem fyllti mælinn,” segir Ægir.

Stofnfélagar Sjómannafélags Ólafsfjarðar árið 1983 voru 56 talsins en voru um 120 þegar mest var. Í dag segir Ægir að félagsmannatalan sé um 90.

## Togarabærinn Ólafsfjörður

Ólafsfirðingar fengu sinn fyrsta skuttogara, Ólaf Bekk ÓF-2, árið 1973 en hann var einn af Japanstogurunum svokölluðu. Ári síðar kom skuttogarinn Sólberg ÓF-12 nýsmíðaður frá Frakklandi og árið 1979 bættist Sigurbjörg ÓF-1 í togarafloata Ólafsfjarðar en skipið var smíðað hjá Slippstöðinni á Akureyri. Sigurbjörgin var í upphafi ísfisktogari en breytt árið 1985 í frystiskip. Togaraútgerðin í bænum eflidist enn frekar árið 1987 þegar frystitogarinn Mánaberg ÓF-42 bættist í flotann og togararnir þar með orðnir fjórir í 1200 manna bæjarfélagi, auk að sjálfsögðu minni stál- og trébatá. Miðað við mannfjölda hefur líkast til ekkert sjávarútvegsplass á Íslandi státað af jafn öflugri togararaútgerð og þarna var orðin. Og fleiri



■ Togarinn Sigurbjörg ÓF-1 kom til Ólafsfjarðar árið 1979. Þar var Ægir um borð allt til ársins 2014.

togarar áttu eftir að bæstast í flota Ólafsfirðinga síðar. Skipin komu og þau fóru.

Ofan á allt annað var á þessum árum mikið umrót í sjávarútvegsmálum landsmanna með nýtilkomnu kvótakerfi sem enginn vissi til hvers myndi leiða. Ægir segir að sjómenn í Ólafsfirði hafi ekki, frekar en aðrir, vitað í aðdraganda stofnunar Sjómannafélags Ólafsfjarðar að frystitogaraútgerðin í bænum yrði jafn öflug og síðar varð. Hún hafi óumdeilanlega haft mikil áhrif í bænum og á hið nýstofnaða sjómanna félag.

## Ætlaði aldrei í sjómenskuna

„Ég ætlaði aldrei að verða sjómáður þó

þabbi væri skipstjóri. Ég fór í smíðar, lærði þær og vann sem smíður í sjó ári. En eftir að skuttogarinn Sigurbjörg kom árið 1979 varð ekki aftur snúið,” segir Ægir um upphaf sinnar sjómenskuna. Faðir hans var Ólafur Jóakimsson sem var skipstjóri á Sigurbjörgu ÓF-1, 350 tonna stálskipi sem smíðað var hjá Slippstöðinni á Akureyri og kom til Ólafsfjarðar árið 1966. Smíði þess skips þótti á þeim tíma tíðindum sæta því skipið var það langstærsta þeirrar gerðar sem smíðað hafði verið hér á landi en auk neta- og togveiða var það gert út á síld og loðnu. Ægir segist hafa náð því að fara með fôður sínum í loðnutúr á Sigurbjörginni og þá var aflinn 250 tonn og skipið á kafi í sjó undan

# TIL HAMINGJU SJÓMENN

Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar,  
hamingjuóskir  
í tilefni sjómanna dagsins.



**NÝTT**

**FYRIR  
SMÁBÁTA**

**BP-103**

**OPTIMICE®**

**KRAPAVÉL**

Hönnuð frá grunni með því markmiði að þjóna öllum þörfum smábáta  
bæði í stærð, afköstum og aðgengi.



Breiddin á vélinni er einungis 59 cm  
og kemst því inn um allar hurðir. Hæðin er 100 cm og dýptin 78 cm.

**Meiri gæði og lengri hillutími**

Krapinn er framleiddur úr sjó um borð í bátum og leysir af flöguís.  
Krapinn umlykur fiskinn og kælir hann mjög fljótt niður undir 0°C og heldur honum í um -0,5°C  
allan veiðitúrinn, í löndun og flutningum.  
Við þetta aukast gæðin til muna og hillutíminn lengist um 5-7 daga.

OptimICE er hannað, framleitt, selt og þjónustað af KAPP ehf  
og hefur verið selt um allan heim síðan 1999.

**KAPP** ehf  
THE OPTIMICE COMPANY

Turnahvarf 8 • 203 Kópavogi • kapp.is • 587 1300 • kapp@kapp.is

þeim farmi! Þetta þætti ekki stór loðnu-farmur í dag. Þegar togarinn Sigurbjörg svo leysti þá eldri af hólmi árið 1979 fór Ólafur Jóakímsson yfir á nýja skipið og þá vantaði fleiri menn á togarann.

„Ég var á þessum tíma í smíðum hjá Svavari Magnússyni og fékk frí hjá honum í eitt ár til að prufa togarasjómenskuna. Úr því leyfi kom ég heim eftir 35 ár en ekki eitt,” segir Ægir og hlær dátt. „Mér fannst þetta frábær tími í sjómenskunni og ekki síst allra fyrstu árin, 1979 til 1981, þegar við rótfiskuðum og komum með fullfermi af þorski túr eftir túr. Fiskuðum bara eins og við gátum. Enda fékk Sigurbjörgin mjög stóran þorskkvóta þegar kvótakerfið var sett á þar sem einmitt þessi ár voru til viðmiðunar við kvótaúthlutun.“

#### Gjörbreyttur sjávarútvegsbær

Sigurbjörg ÓF er eitt helst flaggskipið í togarasögu Ólafsfjarðar en óhætt er að segja að umbreytingar í útgerð í bænum hafi verið gifurlegar á þessum 40 árum sem Sjómannafélag Ólafsfjarðar hefur starfað. Við upphaf skuttogaravæðingarinnar voru tvö frystihús í bænum, auk minni fyrirtækja í verkun á saltfiski og fleiru. Með frystitogaravæðingunni hnignaði fiskvinnslan í landi og nú eru bæði frystihúsin aflögð fyrir löngu og enginn togari lengur gerður út frá Ólafsfirði. Stór hópur félagsmanna í Sjómannafélagi Ólafsfjarðar er í áhöfn frystiskipsins Sólbergs ÓF-1 sem gert er út frá Siglufirði. Sólberg ÓF hefur verið aflahæsta frystiskip landsins undanfarin ár og má segja að í þessu skipi hafi sameinast útgerð frystitogaranna Sigurbjargar og Mánabergs.

„Með Héðinsfjarðargöngum skópuðust forsendur til sameiningar í sjávarútvegi milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Við búum að því að hafa yfir að ráða þessum öflugum frystitogara sem Sólbergið er en ég neita því ekki að það sviður svölitið að horfa upp á hafnarmanvirkni hér í Ólafsfirði eingöngu nýtt fyrir smábáta. Höfn sem kostaði blóð, svita og tár að byggja upp og var forsenda þeirrar togarauppbýggingar sem hér varð. Breytingin á sjávarútvegsplássinu Ólafsfirði er því alveg gifurleg á þessum áratugum. Hér voru margar öflugar útgerðir og fiskvinnslur og ég man að ég velti því stundum fyrir mér hvers vegna þessi fyrirtæki væru ekki sameinuð í eitt stórt. Kannski væri eitthvað öðruvísi umhorfs hér í bænum í sjávarútvegi ef það hefði verið gert. En í þessu sambandi er líka vert að nefna að þrátt fyrir að það sé þversögn í því þá fór ýmislegt í þjónustu og atvinnulífi að hnigna hér í Ólafsfirði í kjölfar þess að við fengum betri samgöngur. Í mínum huga er ekki vafi að bættrar samgöngur áttu sinn þátt í hvernig sjávarútvegsgreinin þróaðist hér í Ólafsfirði.“

#### Fjarskiptaþróunin mesta byltingin fyrir sjómenn

Ægir var í upphafi háseti á Sigurbjörginni, og leysti af sem bátsmaður en lengstum var hann kokkur sem hann segir að hafi gert að verkum að hann gat ílengst í sjómenskunni. Bakenmsl voru lengi að hrjá hann og í reynd voru það þau sem gerðu að verkum að Ægir fór í land árið 2014.

„Horft til baka yfir þessa áratugi sem ég var á sjó þá er ég ekki nokkrum vafa að stærsta breytingin eru fjarskiptin. Þegar ég byrjaði á sjónum hringdi maður heim kannski tvisvar í 30 daga túr. Það þurfti að fara upp í brú, kalla í Siglufjarðarradíó og panta símtal og þá gat verið biðröð þar eftir símtali í nokkra klukkutíma. Og svo hlustuðu allir á símtöl hvors annars. Fólk kom sér upp alls kyns leyniorðum í símtölum sín á milli til að ekki skildist, svo mátti ekki tala um hvað fiskaðist og þar fram eftir götunum. Það var því ekki lítil breyting að vera á síðari árum t.d. í túr langt norður í Barentshafi og geta hringt heim í farsímanum liggjandi uppi í koju á frívakt. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því hvernig túrarnir voru áður fyrir í Barentshafi því við duttum algjörlega úr sambandi við allt í heilan mánuð. Höfðum engar fréttir eða nokkurn skapaðan hlut. Jafnvel þó gervihnattasímanir kæmu til sögunnar þá var rándýrt að hringja úr þeim og ég man eftir



■ „Ég ætlaði aldrei að verða sjómaður þó pabbi væri skipstjóri. Ég fór í smíðar, lærði þær og vann sem smiður í sjó ár. En eftir að skuttogarinn Sigurbjörg kom árið 1979 varð ekki aftur snúið,” segir Ægir.



■ Rík hefd er fyrir mikilli hátíð í Ólafsfirði um sjómanna dagshelgina og hefur Sjómannafélag Ólafsfjarðar staðið fyrir henni. Ægir segir þessa dagskrá og ýmis önnur verkefni félagsins til marks um áherslu þess að láta gott af sér leiða í heimabyggðinni.

að fyrsti slíki áhafnarsíminn í Sigurbjörginni var á ganginum og þá þurfti maður að vera með stafla af myntpeningum til að mata símann stanslaust,” segir Ægir og bætir við að hann teljist til vídeókyngslóðarinnar í togarasjómenskunni.

„Það var fast kerfi á vídeóinu og konurnar í landi skiptust á um að taka upp efni fyrir okkur á sjónvarpsstöðvunum. Svo fórum við með spólurnar í næsta túr til að horfa á. Jafnvel heilu fréttatímana. Við vorum oft að horfa á margra vikna gamla fréttatíma“

#### Brettán túrar í röð!

Ægir segir að þó hlutaskiptakerfið hafi verið lengi ráðandi form í launafyrirkomulagi sjómanna þá hafi miklar breytingar orðið á síðari árum sem geri starf sjómanna fjölskylduvænna, ef svo má segja. Á mörgum skipum sé þekkt að tveir deili með sér einni stöðu og líka séu reglur um frítöku til að tryggja að menn ró ekki túr eftir túr, mánuðum saman.

„Ég man alveg eftir því þegar farið var að sporna við því að menn væru róandi túr eftir túr langtímum saman og var ekkert

hrifinn af því þá að menn væru að skipta af þessu. Ég fór til að mynda 13 frystitúra í röð á Sigurbjörginni, allt rösklega 20 daga túra. Slíkt myndi enginn láta sér detta í hug í dag þannig að þetta er mjög breytt. Og ég sé að bara á þeim níu árum sem liðin eru síðan ég hætti á sjó þá hafa miklar breytingar orðið á vinnuumhverfi sjómanna þannig að starf sjómanna þróast og breytist, líkt og annað.“

#### Sjómannafélagið samfélagslegt bakland

Aðeins liðu nokkrir mánuðir frá því Ægir hætti á Sigurbjörginni þar til hann var kominn á fulla ferð í félagsmálum sjómanna. Það var þó engan veginn það sem hann stefndi að. Í kjölfar skyndilegs fráfalls vinar hans Guðmundar Garðarssonar, fyrrverandi formanns, vorið 2014 var þess farið á leit við Ægi að hann tæki við formennsku í félaginu og starfsemi skrifstofu Sjómannafélags Ólafsfjarðar og það varð úr. Stuttu síðar urðu einnig breytingar í forystu Sjómannasambands Íslands og þá tók Ægir sæti í stjórn SSÍ og hefur verið varaformaður frá árinu 2018.


Ægir segir það hafa verið stjórn Sjó-

mannafélags Ólafsfjarðar mikið metnaðarmál að efna til veglegrar hátíðar í bænum í kringum sjómanna daginn og að sjómenn, fjölskyldur þeirra og aðrir bæjarbúar geri sér gláðan dag.

„Við erum vissulega lítið stéttarfélag en við komum víða við, auk þess að standa fyrir hátíðarhöldum í kringum sjómanna daginn. Sjómannafélag Ólafsfjarðar er samfélagslegt bakland og við höfum meðvitað haldið að okkur höndum með stuðning út á við en eftir þess í stað stuðning við verkefni hér heima,” segir Ægir.

Um þessa starfsemi alla verður svo hægt að lesa í nýju bókinni sem gefin er út í tilefni 40 ára afmælis Sjómannafélags Ólafsfjarðar en höfundur hennar er Atli Rúnar Halldórsson. Hulunni verður svipt af bókinni föstudaginn 2. júní og þar mun ýmislegt bera fyrir augu lesenda sem ekki hefur verið opinberlega birst áður. „Þetta er yfir 200 blaðsíðna bók sem ég fullyrði að eigi sér ekki hliðstæðu í afmælisútgáfu félags eins og okkar. Við erum því mjög spennt að bæjarbúar fái að njóta þess efnis sem í bókinni er að finna,” segir Ægir Ólafsson.

**Óskum  
sjómönnum  
til hamingju  
með daginn**



**Samhentir**

# Annasamt sumar hjá höfnum Ísafjarðarbæjar

„Þetta verður mjög annasamt sumar, líflegt og vonandi skemmtilegt,“ segir Hilmar Kristjánsson Lyngmo hafnarstjóri hjá Höfnum Ísafjarðarbæjar sem á von á ríflega 200 skemmtiferðaskipum til Ísafjarðar á komandi sumri. Komur skemmtiferðaskipa skipta sköpum fyrir rekstur hafnarinnar en tekjur af þeim eru um helmingur af öllum tekjum sem inn koma. Umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir hafa staðið yfir við Sundabakka, aðalkantinn við Ísafjarðarhöfn, sem hefur verið lengdur um 300 metra og gerir fleiri skipum kleift að leggja bryggju.

Hilmar tók við starfi hafnarstjóra um síðustu áramót en hann hafði starfað við höfnina frá árinu 2018 sem hafnarvörður, vélstjóri og skipstjóri og sem staðgengill hafnarstjóra.

„Ég er borinn og barnfæddur Ísafirðingur og var á sjó í 33 ár áður en ég hóf störf hjá Ísafjarðarhöfnum. Höfnin er lífleg okkar og ég hef mikla trú á framtíðinni og sé fyrir mér að starfsemin vaxi og dafni næstu árin. Ég er mjög bjartsýnn fyrir hönd hafnarinnar en það er virkilega gaman að starfinu, starfið er fjölbreytt og mikið um að vera á hverjum degi,“ segir Hilmar. Hann er menntaður vélfræðingur og skipstjóri með rafvirkjamenntun, meirapróf og vinnuvéla-réttindi.

Við hafnarstarfsemina á Ísafirði starfa 6 manns en auk hennar eru hafnirnar á Suðureyri, Þingeyri og Flateyri innan Hafna Ísafjarðarbæjar og á þessum stöðum er einnig starfsfólk. Umsvifin eru eðlilega mest í stærstu höfninni en útgerð handfæra- og línubáta er talsverð frá minni höfnunum. Þá er jafnan mikið um að vera meðan strandveiðitímabilið stendur á höfnunum þremur, einkum hefur verið vinsælt að gera út strandveiðibáta frá Suðureyri en Hilmar segir höfnina þar liggja vel við fengsælum fiskimiðum. „Það fer líka vaxandi að gera út frá t.d. Þingeyri en allar þessar hafnir eru góðar fyrir útgerð smábáta og þar er þjónusta við þá líka til fyrirmyndar,“ segir hann.

## Sundabakki lengdur um 300 metra

Hafnasjóður Ísafjarðarhafna hefur staðið í stórræðum undanfarið misseri en unnið hefur verið að því að lengja aðalkantinn, Sundabakka, um 300 metra. Hilmar segir kostnaðinn mikinn eða um einn milljarð króna í heild. „Við viljum hafa góða aðstöðu hér á Ísafirði fyrir þau skemmtiferðaskip sem til okkar koma en til að anna þeirri umferð þurfum við að bjóða upp á aukin pláss við bryggju,“ segir hann. „Það skiptir miklu máli fyrir okkur að fá skipin að bryggju, tekjur eru meiri heldur en þegar þau liggja við akkeri hér fyrir utan.“

Næsta verkefni er að finna stað og reisa móttökuhús fyrir þá farþega sem eru á leið frá borði eða um borð.

Hilmar nefnir sem dæmi að heimsfaraldursárið 2020 þegar ekkert skemmtiferðaskip var á siglingu hafi tap verið af rekstri hafnarinnar upp á um 30 milljónir króna. Hagnaður af rekstri var um 100 milljónir króna árið 2022.

Umferð skemmtiferðaskipa hefur aukist á liðnum árum um Ísafjarðarhöfn. Fyrir heimsfaraldur árið 2019 komu 120 skip þar við. Engin skip voru á ferðinni 2020 en sumarið þar á eftir voru þau á milli 40 og 50 talsins. Á liðnu sumri komu 118 skip og nú í sumar má segja að verði alger sprenging í komum en 206 skemmtiferðaskip hafa bókað komu sína á tímabilinu frá miðjum maí og fram í miðjan september. „Það verður mikið að gera í allt sumar, miklar annir og sumir dagar stærri en aðrir,“ segir hann. Áætlað er að farþegar með skemmtiferðaskipum í sumar geti orðið



■ Skemmtiferðaskip við bryggju á Ísafirði. Tvö hundruð komur skemmtiferðaskipa eru bókaðar í sumar.



■ Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóri hjá Höfnum Ísafjarðarbæjar.



■ Heimatogararnir Páll Pálsson og Júlíus Geirmundsson.



■ Suðureyrihöfn.



■ „Við gerum hvað við getum til að allir njóti þess að heimsækja okkur og skoða það sem í boði er á okkar slóðum,“ segir Hilmar hafnarstjóri um þjónustuna við farþega skemmtiferðaskipanna.

263.620 talsins en þá er miðað við 100% nýtingu í skipum.

## Ferðapjónusta hefur eflst

Hilmar segir að hafnarstarfsmenn sem og aðilar í ferðapjónustu og frá Ísafjarðarbæ hafi farið yfir komandi sumar og hvernig best fari á að því að taka á móti svo miklum fjöldi. Sá fundur hafi gengið vel og einhugur í fólk að taka vel á móti farþegum og gera upplifun þeirra sem besta af komunni vestur. „Við gerum hvað við getum til að allir njóti þess að heimsækja okkur og skoða það sem í boði er á okkar slóðum,“ segir hann en ferðapjónustuaðilar bjóða

fjölbreyttar ferðir þar sem saman fara skoðun á náttúru og menningarupplifun. „Það hefur byggst upp í kringum þetta öflug ferðapjónusta hér um slóðir og margir sem hafa atvinnu af því að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa.“

Hilmar segir að skemmtiferðaskipin skipti mestu þegar kemur að tekjum hafnarinnar, en fiskiskipum hefur fækkað mjög á liðnum árum. Nú sé svo komið að aðeins einn ísfisktogari og einn frystitogari séu gerðir út frá Ísafirði. Eitthvað sé af smærri bátum og tveir rækjubátar á innfjarðar-rækju í Djúpinu. Minni bátar eru einkum gerðir út á öðrum höfnum kringum Ísa-

fjörð. Fiskeldi hefur vaxið fyrir vestan en Hilmar segir Ísafjarðarhöfn ekki fá stóran hlut af þeim umsvifum. Vera megi að það breytist á komandi árum, en verið er að afla leyfa fyrir eldi í Djúpinu sem myndi þá í kjölfarið nýta höfnina á Ísafirði og eins bendir hann á að nýjar aðferðir við kælingu gætu orðið til þess að útflutningur á ferskum fiskafurðum gæti aukist, þ.e. ef næst að flytja afurðir beint frá höfninni í stað þess að aka með þær langa vegalengd suður. „Við sjáum fyrir okkur að þetta gæti orðið að veruleika og það yrði mjög jákvætt,“ segir Hilmar.



## Til hamingju með daginn sjómenn

Mannvit býður upp á öfluga þjónustu við sjávarútveg á sviði rafmagns, vélbúnaðar, mannvirkja og umhverfismála með sjálfbærni að leiðarljósi.

Mannvit rekur níu starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á öllum verkstígum.

**Stuðlum að sjálfbæru samfélagi**



**MANNVIT**





■ Guðmundur St. Jónsson framkvæmdastjóri og einn eigenda Marúlfs ehf. á Dalvík.

# „Leiðarljósið að vanda til verka og fjárfesta skynsamlega“

„Við erum bara hress og kát nú þegar fyrirtækið hefur náð þeim áfanga að starfa á Dalvík í einn áratug og horfum þokkalega bjartsýn til framtíðar,“ segir Guðmundur St. Jónsson framkvæmdastjóri Marúlfs ehf. en fyrirtækið varð 10 ára í byrjun árs. Haldið var upp á tímamótin með starfsmannaferð til Tenerife sem tókst í alla staði vel. Starfsfólk kom tvíeft til baka, fullt af krafti til að takast á við þau verkefni sem biðu en mikið hefur verið að gera að undanfögnu. Marúlfur vinnur úr um 2.000 tonnum af hráefni á ári og hjá félaginu eru 22 starfsmenn. Starfsemi er til húsa við Ránarbraut 10 á Dalvík.

Saga Marúlfs nær lengra aftur í tímann en um einn áratug. Rekja

má forsöguna til þess er Þorsteinn Már Aðalsteinsson og Sigríður Rögnvaldsdóttir stofnuðu félagið Stórhól árið 1989. Það varð síðar að Norðurströnd árið 1993, en Marúlfur byggir á þeim grunni sem Norðurströnd skapaði á árum áður. Norðurströnd varð gjaldþrota árið 2012 en efnahagshrunið á sínum tíma lék félagið grátt. Félagið hafði þá nýlega fjárfest mikið og tekið lán í erlendri mynt og má segja að upphæð þess hafi allt að þrefaldast á einni nóttu. Við það varð ekki ráðið.

Norðurströnd var fjölskyldufyrirtæki í eigu Þorsteins, Sigríðar, barna og tengdabarna en Guðmundur tengdasonur þeirra hefur borið ábyrgð á rekstri Norðurstrandar og síðar Marúlfs sam-



■ Guðmundur St. Jónsson framkvæmdastjóri, lengst til vinstri, þá Aðalsteinn Már Þorsteinsson verkstjóri og Anna Sigríður Hjaltadóttir, gæðastjóri og stjórnarformaður.

## GÖNGUM VEL UM LANDIÐ OKKAR



[www.utivist.is](http://www.utivist.is)



**ÚTIVIST**

fellit í 20 ár. Hann hafði forgöngu um að fjölskyldan ásamt Sólku Fiskmiðlun, Símoni Páli Steinsyni og Samleið keyptu þrotabú Norðurstrandar og stofnaði Marúlf. Í kjölfar hlutafjárútkningar árið 2014 kom fjárfesingarfélagið KEA inn í hluthafahópinn.

#### Sérhæfing í afurðum sem fáir vinna

Marúlfur hefur sérhæft sig í vinnslu fisktegunda sem aðrar vinnslur hafa ekki lagt áherslu á og segir Guðmundur að það hafi gefist vel. Steinbítur og hlýri eru þar á meðal einnig ufsi, þorskhrog, grásleppa og skótubörð svo dæmi séu tekin. Helstu markaðir eru í Evrópu, einkum Frakkland og Þýskaland auk Belgíu en einnig eru afurðir seldar um lengri veg, til Tyrklands og Kína. Bróðurpartur afurðanna er frystur en Guðmundur segir að einnig selji félagið aðeins af ferskum afurðum.

„Við fáum hráefni víða að, kaupum umtalsvert magn á fiskmörkuðum og beint frá bátum sem við erum í viðskiptum við en einnig flytjum við inn hráefni, m.a. af norskum línuskipum. Við höfum ýmsar leiðir opnar til að verða okkur úti um nægt hráefni og má segja að hafi gengið vel. Hjá okkur hefur ekki fallið úr dagur vegna hráefnissskort í háa herrans tíð,“ segir Guðmundur.

#### Keyptu stóra frystigeymslu

Misjafnt er í hvaða afurðir unnið er hverju sinni og segir hann það talsvert árstíðabundið, fari eftir hvaða vertíð standi sem hæst þá stundina. Fyrr í vor var unnið úr þorskhrognum og síðustu vikur hefur grásleppuvertíð staðið yfir. „Þetta er fjölbreytt hjá okkur og gerir starfið svo skemmtilegt. Hver vertíðin tekur við af annarri, ef svo má segja.“

Guðmundur segir að Marúlfur hafi sérhæft sig í vinnslu og sölu frýstra afurða en sé einnig að litlu leyti með ferska vöru í boði. Fyrr á árinu festi félagið kaup á stórrí frystigeymslu sem var í eigu Samskipa og er staðsett handan götunnar þannig að það getur vart orðið betra. „Með því að auka frystirýmið sem við höfum yfir að ráða tryggjum við reksturinn betur. Við höfum ávallt yfir að ráða nægu frystipláss fyrir okkar afurðir áður en þær fara á markað.“

#### Stoltur af góðum árangri

Guðmundur segir að sagan hafi kennt Marúlfsmönnum að fjárfesta af skynsemi og taka ekki of stór skref í einu. „Við veltum hlutunum fyrir okkur og erum ekki að ana út í einhverja vitleysu,“ segir hann. „Það má segja að við búum að súrsætri reynslu fyrri ára. Norðurströnd var í miklum vexti og með ýmsa starfsemi á þremur stöðum á landinu. En við erum alveg á jörðinni með okkar rekstur hér á Dalvík. Okkar leiðarljós er að vanda vel til verka og halda vexti og fjárfestingum innan skynsamlegra marka.“

Marúlfur hefur á liðnum árum náð góðum árangri í sínum rekstri og verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja hjá Creditinfo og Viðskiptablaðinu. Þar skipar félagið sér á bekk með þeim 2% fyrirtækja sem eru talin best rekin á landinu. „Við erum mjög stolt af því og höfum í hyggju að halda okkur þar til framtíðar,“ segir hann.

#### Erfitt fyrir fiskvinnslur án kvóta

Guðmundur lítur björtum augum til framtíðar og segir verkefnið



■ Hér er verið að pakka steinbít. Frá vinstri eru Justyna, Klaudia, Jacek, Andzelika og Ewa




■ Monika og Ginka vinna við snyrtingu á þorskhrognum.

næg, reksturinn stöðugan og góðan og hið sama megi segja um þá markaði sem félagið selur inn á. „Því er auðvitað ekki að

leyna að það er frekar á brattann að sækja þegar kemur að fyrirtækjum eins og okkar, litlum og meðalstórum fiskvinnslum sem

ekki eiga kvóta. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki sem þannig eru byggð upp hafa hætt starfsemi. En það hefur gengið vel hjá okkur

og við erum ákveðin í að halda ótrauð áfram í þessari atvinnugrein á komandi árum,“ segir Guðmundur.



#### Sjómanna dagurinn 2023

# Sjómenn, til hamingju!

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna  
óskar sjómönnum og fjölskyldum  
þeirra til hamingju með daginn



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna

[www.vm.is](http://www.vm.is)



■ Hnókrar á lögskráningarkerfi sjómanna segir Samgöngustofa að séu lagfærðir með tilkomu Skútunnar.

Mynd: Þorgeir Baldursson

# Skipaskrá og lögskráningar í nýtt tölvukerfi

Samgöngustofa hefur tekið í notkun nýtt tölvukerfi fyrir skipaskrá og lögskráningu sjómanna sem fengið hefur nafnið SKÚTAN og leysir hún af hólmi fimm tölvukerfi sem að stofni til eru frá árinu 2002. Samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu er Skútan að öllu leyti nútímalegri og notendavænni en eldri kerfin, auðveldara að uppfæra hana að þröfum notenda og lagalegum þörfum jafnframt því sem möguleiki skapast á því í framtíðinni að sjómenn geti nálgast upplýsingar um sjálfa sig í gegnum [island.is](http://island.is). Það á t.d. við um menntun þeirra og þjálfun, atvinnuskírteini þeirra og gildistíma, siglingatíma og öryggisfræðslu sem þeir hafa lokið og hvenær þarf að endurnýja hana.

## Notendastýrt kerfi

„Skútan er notendastýrð og er skipaskráin aðgengileg skoðunar- og eftirlitsaðilum skipa til innskráningar og opinberum aðilum og fyrirtækjum sem hlutverks síns vegna þurfa að hafa aðgang að henni. Jafnframt er öllum frjálst að sækja um lesaðgang að skipaskrá gegn greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá Samgöngustofu. Lögskráning sjómanna er aðeins aðgengileg menntastofnun til innfærslu á námi og námskeiðum sem sjómenn hafa lokið og þeim sem hafa aðgang til að lögskrá á skip eftir því sem útgerð ákveður hverju sinni að undan-genginni umsókn til Samgöngustofu [nú um 3200 einstaklingar]. Á grundvelli persónuverndarsjónarmiða geta aðeins aðilar sem hafa lögvarða hagsmuni sótt um lesaðgang að lögskráningu sjómanna og á það einkum við um opinbera eftirlitsaðila og stéttarfélag sjómanna.

## Breytt skipaskrá og fimm ára skoðunarhringur

Í skipaskrá er að finna upplýsingar

um hvaða skip eru á skrá, allar tækniupplýsingar um þau og búnað þeirra, skoðanir og eftirlit á skipum og skipsbúnaði, útgáfu skips- og haffærisskírteina og gildistíma þeirra.

Með tilkomu Skútunnar eru gerðar breytingar á fyrirkomulagi skipaskoðunar. Skip fá þannig úthlutað dagsetningu og má skoðun fara fram allt að þremur mánuðum fyrir og þremur mánuðum eftir þá dagsetningu. Þetta fyrirkomulag segir í upplýsingum Samgöngustofu að hafi verið lengi við lýði í alþjóðaumhverfi siglinga en tölvukerfi skipaskrár hér á landi hafði hingað til ekki ráðið við það. Þá fari öll skip í fimm ára skoðunarhring þar sem endurnýjunarskoðun fer fram á fimm ára fresti í stað fjögurra. Það fyrirkomulag sé til samræmis við helstu alþjóðasamninga á sviði siglinga og fyrirkomulag í þeim ríkjum Ísland beri sig saman við.

Allar skoðanir eru skráðar inn í Skútuna og verður mögulegt að gefa skírteini og skoðunarskýrslur alfarið rafrænt út þegar fram líða stundir.

## Meiri sveigjanleiki við útgáfu haffærisskírteina

Nýjung er einnig með tilkomu Skútunnar að haffærisskírteini verða til rúms árs í senn þrátt fyrir að aðfinnslur séu við skoðun viðkomandi skips og fellur skírteinið sjálfkrafa úr gildi sé ekki farið í endurskoðun. Þessi breyting segir í upplýsingum Samgöngustofu að einfaldi umsýslu og minnki umsvif við útgáfu haffærisskírteina í tilvikum þar sem minniháttar atriði sem krefjast endurskoðunar eru við skoðun. Kerfið aukir sveigjanleika útgerða og fyrirsjáanleika þar sem skoðanir verða á sama tíma ár hvert. Þar sem öll skip fara í 5 ára skoðunarhring einfaldi kerfið umsýslu og utanumhald hjá útgerðum og eftirlitsaðilum og



■ Skipaskráningarluti nýja tölvukerfisins Skútunnar innifelur ítarlegar upplýsingar um skip, búnað þeirra, skoðanir og ýmislegt fleira. Tíðni skipaskoðana og endurnýjunarskoðana verða eftirleiddis með sama sniði og í alþjóðaumhverfi siglinga.

Mynd: Guðmundur Guðmundsson

samlegðaráhrif muni verða af því að allar skoðanir sem skip fara í árlega geti verið framkvæmdar á sama tíma og þannig sparað tíma og utanumhald hjá útgerðum.

## Hnókrar á lögskráningarkerfi lagfærðir

Lögskráning sjómanna er kerfi sem heldur utan um upplýsingar í tengslum við útgáfu atvinnuskírteina sjómanna, t.d. um menntun, þjálfun, siglingatíma og öryggisfræðslu. Auk þess geymir það upplýsingar um útgefin atvinnuskírteini, lögskráningar á einstök skip, kröfur um lágmarksmönnun skipa og frávik frá þeim, undanþágur, áhafnatryggingar, farþegaleyfi farþegaskipa í áætlunarsiglingum og farþegaskipa og farþegabáta í útsýnis-, skoðunar- og veiðiferðum.

„Með Skútunni eru lagfærðir

ýmsir hnókrar sem voru á eldra lögskráningarkerfi, t.d. að nú er hægt að lögskrá í samsettar stöður þegar heimilt er að skipstjóri sé jafnframt vélstjóri og hann hefur réttindi í þær báðar. Jafnframt er búið að tengja sama mönnunarreglur farþegabáta og farþegaskipa við réttindaflokka sjómanna. Á sérstakri upplýsingasíðu má nálgast myndband um framkvæmd lögskráningar, almennar leiðbeiningar um lögskráningu sjómanna, lög og reglur um lögskráningu sjómanna, réttindaflokka, forsendur lögskráningar og mönnunarreglur skipa,” segir í tilkynningu Samgöngustofu.

Skipstjóra er óheimild að halda úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir á skip hans. Skipverjar þurfa að hafa gilt atvinnuskírteini eða undanþágu í þá

stöðu sem þeir eru lögskráðir í, skipinu ber að vera með gilt haffærisskírteini og mannað miðað við stærð þess, vélarafl, farsvið og útivist. Þá þarf að vera fyrirbyggjandi staðfesting á að skipverjar hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt og að áhafnartrygging sé gild fyrir alla um borð. Þetta gildir þó ekki í neyðartilvikum.

Þegar veru skipverja um borð lýkur skal skipstjóri sjá til þess að viðkomandi sé afskráður. Samgöngustofa skal afskrá sjómann þegar skip hefur ekki lengur haffæri, áhafnartrygging skipsins er útrunnin eða atvinnuskírteini hans útrunnið. Skal Samgöngustofa tilkynna viðkomandi um að hann hafi verið afskráður.



**Ísfell óskar sjómönnum og fjölskyldum  
þeirra til hamingju með sjómannadaginn**

 **ÍSFELL**





■ Smábátar á Arnarstapa.



■ Skip og bátar í Ólafsvíkurhöfn. Af um 40 þúsund tonnum sem landað var í fyrra í höfnum Snæfellsbæjar komu um 2.300 tonn frá strandveiðibátum.

## Yfir hundrað landanir á dag þegar best lætur

„Það er oft mikið um að vera og skemmtilegt meðan strandveiðitímabilið stendur yfir,“ segir Björn Arnaldsson hafnarstjóri hjá Hafnarsjóði Snæfellsbæjar en sjóðurinn á og rekur þrjár hafnir; Ólafsvíkurhöfn, Rifshöfn og Arnarstapahöfn. Hann á auk þess hafnararmannvirki á Búðum og Hellnum.

Björn segir sjávarútveg burð-

arstoð í atvinnulífi Snæfellsbæjar, útgerð sé mjög öflug, bæði hjá stórum bátum sem smáum. Smábátaútgerð hafi alla tíð verið mikil á svæðinu hin síðari ár hafi bátarnir stækkað og þeir orðið öflugri.

„Heimamenn stunda strandveiðar í þó nokkrum mæli en svo koma til okkar sjómenn víða að af

landinu, því það er mjög vinsælt að gera út á þær veiðar héðan. Stundum yfir sumarið eru yfir hundrað bátar að landa í höfnunum okkar þremur þegar mest er. Ég man daga þar sem voru um 40 bátar að landa í hverri höfn á einum og sama deginum í þessum þremur höfnum. Það var mikil og góð stemmning,“ segir Björn.

# Ísvélar



- Tugir ánægðra viðskiptavina
- 1 til 30 tonn á sólarhring
- Hröð kæling
- Góður ís í flutningskassa
- Loftkælt / Vatnskælt
- Nútímalegir kælimiðlar

# Lausfrystar



- Færanlegir rekkafrystar
  - Auðvelt að flytja
  - Auðvelt að fjármagna
- Engin uppsetning!  
Bara stinga í samband**

**KGG**

KGG.is

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is



■ Björn Arnaldsson hafnarstjóri hjá Hafnarsjóði Snæfellsbæjar.

### Nálægð við góð fiskimið

Hann segir að nálægð við góð fiskimið geri að verkum að aðkomubátar sækir í að gera út frá höfnum í Snæfellsbæ og þau auki umsvif hafnanna óneitanlega talsvert auk þess sem fjöldi fólks bætist við í bæjarfélagið sem nýtir sér þjónustu sem þar er í boði.

Fiskimiðin og nálægð við þau sé ein skýring en einnig hafi í gegnum árin verið kappkostað að byggja upp aðstöðu við hafnirnar og bjóða upp á hátt þjónustustig. Það kunni sjómenn að meta og skipti máli þegar þeir velja sér hafnir til að gera út frá á strandveiðum. „Það er sem betur fer mikið um að vera hjá okkur allt árið um kring.“

### Góð þjónusta í kringum útgerðina

Björn segir að vanalega séu hafnirnar í Snæfellsbæ með á bilinu 8 til 11% af lönduðum strandveiðiafla, en í fyrrasumar var slegið

met þegar hlutfallið nam ríflega 18%.

„Við erum auðvitað ánægð með þessa þróun og hún sýnir að við erum að gera vel. Sjómenn vilja róa héðan og landa sínum afla hjá okkur,“ segir Björn. „Við leggjum okkur líka öll fram um að veita góða þjónustu, hvort heldur á við um höfnina eða aðra þjónustu í sveitarfélaginu. Fólk þarf að kaupa inn, það fer í sund og nýtir alls konar þjónustu sem í boði er. Við erum með tvo góða fiskmarkaði og þeir skipta auðvitað máli líka sem og önnur þjónusta í tengslum við útgerðina.“

Rúmlega 2.300 tonnum var landað í höfnum Snæfellsbæjar af standsveiðiafla í fyrrasumar en í heild var landaður afli hjá höfnunum um 40 þúsund tonn. „Þetta er í sjálfa sér ekki hátt hlutfall af heildinni en skiptir engu að síður máli og er góð viðbót fyrir okkur.“

PROTECT  
PRODUCT  
& PEOPLE

alvar.is

MIST



**MIST CORE**  
A CENTRAL SOLUTION THAT PROTECTS  
THE WHOLE PRODUCTION LINE,  
THE "CORE" OF YOUR BUSINESS



**MIST FOCUS**  
A DIRECT AND PRECISE SYSTEM  
THAT ATTACKS BACTERIA INSIDE  
FOOD PROCESSING ENCLOSED MACHINERY



**MIST CANAL**  
AVOID UNEXPECTED BACTERIA  
OUTBREAKS WITH THE DISINFECTION  
OF PIPES AND TANKS



**MIST DIRECT**  
ALLOWS FRONTAL ATTACK  
AGAINST BACTERIA WITH  
MIST PORTABLE SYSTEMS



**Háðu varnarbaráttuna  
gegn sýkingum, smiti  
og kostnaði með einu  
heildstæðu kerfi**

ALVAR úðakerfin dreifa þéttum sóttreinsandi úða í valin rými verksmiðju út frá því hvað er hagkvæmast fyrir stærð hvers rýmis. Þéttur úðinn tryggir djúpa sóttreinsun á búnaði, alveg niður í minnstu glufur milli véla.

Með ALVAR kerfi er framleiðsla og orðspor fyrirtækisins tryggari og matvælaöryggi stórbætt. Þá dregur ALVAR úr vatns- og efnanotkun.

ALVAR Mist Core kerfið sóttreinsar sjö þúsund fermetra verksmiðju á aðeins 30 mínútum, dregur úr vatnsnotkun um meira en 90% og minnkar efnanotkun um meira en 70%. Sóttreinsunin útheimtir enga viðbótar vinnu starfsfólks. Með þessu móti er hægt að lengja hillulíf framleiðsluvöru um tvo daga með tilsvarendi samdrætti í matarsóun.

Fjárfestingin í ALVAR borgar sig að jafnaði á innan við ári.



ALVAR

Iceland  
ALVAR Mist ehf.  
Urðarhvarf 14  
203 Kópavogur  
info@alvar.is  
+354 550 8300





■ „Mér hefur frá fyrsta degi liðið vel hér um borð,” segir Kristján Gunnarsson, skipstjóri.

Myndir: Þorgeir Baldursson

# Alltaf gaman á sjónum

Rætt við Kristján Gunnarsson skipstjóra á ferskfisktogaranum Ljósafelli SU um sjómennskuna og skipið sem kom til Fáskrúðsfjarðar fyrir réttum 50 árum

„Ljósafellið er mjög gott skip og þó aldurinn sé vissulega nokkuð hár þá hefur útgerðin haldið því mjög vel við og ástand skipsins er þess vegna mjög gott. Mér hefur frá fyrsta degi liðið vel hér um borð og við í áhöfninni kunnum að meta það að útgerðin stendur sig vel í að halda skipinu í lagi. En auðvitað verður Ljósafellið ekki eilíft frekar en annað og einhvern tímann hlýtur að koma að þeim tímapunti að skipið verði endurnýjað og yngt upp,” segir Kristján Gunnarsson, skipstjóri á ferskfisktogaranum Ljósafelli SU-70 á Fáskrúðsfirði. Ljósafellið er meðal allra elstu togara í flotanum og þann 31. maí síðastliðinn voru liðin nákvæmlega 50 ár síðan Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði tók á móti skipinu. Allar götur síðan hefur Ljósafellið verið burðarás í hráefnisöflun fyrir bol-fiskvinnslu Loðnuvinnslunnar og útgerðarsaga þess verið einstaklega farsæl.

Ljósafell var smíðað í Japan og tók sex vikur að sigla skipinu heim til Íslands vorið 1973. Stærstu breytingarnar á því síðan þá voru annars vegar 1988-1999 þegar skipið var lengt í Nauta-skipasmíðastöðinni í Gdynia í Póllandi og hins vegar 2007-2008 þegar ráðist var í umfangsmikið viðhaldsverkefni og endurnýjun hjá Alkor-skipasmíðastöðinni í Gdynia í Póllandi.

Ljósafell SU er um 850 brúttótonn og hafa fimm skipstjórar stýrt skipinu síðustu

50 árin, þ.e. Guðmundur Ísleifur Gíslason 1973-1980, Albert Stefánsson 1981-1994, Ólafur Helgi Gunnarsson 1995-2019, Hjálmar Sigurjónsson frá 2019 og nú Kristján Gunnarsson sem áður var stýrimaður en tók við skipstjórn með skömmum fyrirvara árið 2022 vegna slyss sem Hjálmar varð fyrir.

## Beint úr grunnskólanum á sjóinn

Kristján er einn af þeim fjöldamörgu sjómönnum sem hófu sinn feril á unglingsaldri en hann er alinn upp á Dalvík og lauk þar grunnskólaprófi árið 1990. „Og þá lá leiðin beint á sjóinn,” segir hann. Fyrsti báturinn var Freyr ÓF í Ólafsfirði og síðan tóku við nokkur ár á Haraldi EA á Dalvík. Það segir hann hafa verið einstakan tíma í minningunni.

„Það var svo gaman á Haraldi að maður tímdu eiginlega alls ekki að taka frittúr og missa af öllu stuðinu um borð. Þetta var ung og fersk áhöfn, óreyndir strákar og við gerðum margt í veiðiskap, fórum m.a. á heilfrystingu á grálúðu og þorski, fiskuðum rækju, vorum á línuveiðum og fleira. Við sóttum líka víða og ég held að á Haraldar-árunum hafi ég komið inn á stóran hluta af íslenskum höfnum,” segir Kristján en af Haraldi fór hann árið 1993 yfir á togarann Baldur á Dalvík í stuttan tíma og síðan aftur til baka á Harald. Hann og aðrir í áhöfn-

inni fylgdu svo skipinu við sölu til Hornafjarðar þar sem það fékk nafnið Ásgeir Guðmundsson SF.

## Stríðsástand við Svalbarða

Á Hornafirði var Kristján til vors 1994 og fór þá á togarann Blika á Dalvík. Hann var því í frægum túr togarans á Svalbarðasvæðið í júní það sumar þegar norska varðskipið Senja klippti trollið aftan úr Blika og fleiri togurum og nánast var stríðsástand á miðunum þar norður frá. Þarna var Smugudeilan í hámarki og Blikamenn náðu klippunum af norska varðskipinu og höfðu með sér til Íslands.

„Við vorum agnarlitlir á Blikanum í sam- anburði við þetta risa varðskip. Gestur Matthíasson, skipstjóri á Blika, var Norðmönnum erfiður, talaði bæði norðurlandamál, ensku og frönsku. Þetta varð til þess að hér heima var sagt í fjölmiðlum að Bliki stjórnaði öllum aðgerðum þarna á miðunum en það var nú ekki svo. Gestur var hins vegar hvað mest íslensku skipstjóranna í sambandi við norsku varðskipin. Þetta var auðvitað í aðra röndina svoltíð spennandi og þarna þverbraut skipherrann á Senju allar siglingarreglur og sigldi á fullri ferð innan um íslensku skipin svo hætta sannarlega skapaðist. Til dæmis fór hann aðeins einum metra fyrir framan togarann Drangey og mátti engu muna að

illa færi,” segir Kristján. „Í kjölfarið á þessu var svo samið um Smuguveiðarnar og síðan þá hafa íslensk skip getað sótt afla þarna norður eftir. Það var því til einhvers barist,” segir Kristján.

## Á mörgum skipum Samherja

Haustið 1994 hóf Kristján nám í Stýrimannaskólanum í Dalvík og hóf störf fyrir Samherja árið 1997. Samanlagt var hann þar 12 ár á ýmsum skipum, t.d. Margréti, Víði, Björgvin, Björgúlfi, Hrísey og Akureyrinni. Hann var í byrjun háseti á Margréti og í afleysingum sem 2. stýrimaður en á því skipi fór hann sinn fyrsta túr sem 1. stýrimaður.

„Það er svolítið skemmtilegt að á þeim sjö árum sem ég var á Margrétinni var ég með sjö skipstjóra og annað eins af 1. stýrimönnum. En það var mjög gaman að fá að prófa mörg og mismunandi skip,” segir Kristján.

Til Loðnuvinnslunnar réðst Kristján árið 2008 sem afleysingamaður fyrir 2. stýrimann á Ljósafelli. „Mig langaði einfaldlega að breyta til,” segir Kristján sem fór fljótt í stöðu 2. stýrimanns, varð svo 1. stýrimaður og loks skipstjóri í fyrra þegar Hjálmar Sigurjónsson, skipstjóri, lenti í slæmu beinbroti.





# Stólpi Gámar

## fyrir atvinnulífið



**Sjómenn – til hamingju með daginn!**



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, húseiningar frá **Algeco**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.



[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

**Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



■ Skipverjar gera trollið klárt á togdekkinu.

#### Skipstjórnin lærdómsrík og gefandi

„Það hefur verið lærdómsríkt, gefandi og skemmtilegt að vera í skipstjórastólnum og í sjálfu sér er ekki mikill munur á því og stýrimannsstarfinu. Munurinn á þessum störfum snýst aðallega um mannlegu samskiptin, áhafnarmál, samskipti við útgerðina og þjónustuaðila og slíkt sem skipstjórninn hefur með höndum. Stærstu verkefni skipstjórans snúa að áhafnarmálum og mönnun. Jafnvel þótt að alltaf sé fastur kjarni manna um borð þá koma upp forföll og þá þarf að fá afleysingu, jafnvel með stuttum fyrirvara áður en farið er á sjó,“ segir Kristján en í áhöfn Ljósafells eru 15 fastráðnir og síðan afleysingamenn til viðbótar. „Þegar allt er talið erum við 22-25 í kringum skipið. Það held ég að sé nokkuð hefðbundið í kringum svona skip,“ bætir hann við.

#### Ufsakvótinn alltof mikill

Líkt og áður segir er Ljósafellið aðal hráefnisöflun fyrir bolfiskvinnslu Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði og þar er unnið úr þorski, ufsa og ýsu en karfi er seldur á markað eða í útflutning.

„Í fyrra vorum við að nánast samfelld út kvótaárið en mér sýnist stefna í að við stoppum nú í síðari hluta júlí vegna minni kvóta og förum með skipið í slipp. Það er hins vegar þannig að þorskgengdin er mjög góð á miðunum og hefur verið í vetur. Við sjáum því ekki fylgni milli þorskgengdarinnar og samdráttarins sem varð í úthlutunum þorskveiðiheimum. Eina tegundin sem maður finnur verulega fyrir samdrætti í er ufsinn. Það er og hefur verið erfitt að ná honum síðustu árin og kvótinn ekki náðst. Þegar ég kom hingað fyrir 15 árum var hægt að ganga að góðum ufsaafli vísu en það hefur jafnt og þétt hallað undan fæti í ufsaveiðinni. Mín skoðun er sú að ufsakvótinn sé alltof stór og að það þurfi að skera hann verulega niður til að byggja stofninn upp á nýjan leik. Það eru alltof mörg skip að eltast við alltof fá kíló af ufsa með tilheyrandi ólíukostnaði,“ segir Kristján. Ólíkt ufsanum segir hann að mikið sé að hafa af ýsu og að sá stofn virðist á hraðri uppleið.

#### Áhersla á góða umgengni um borð

Kristján segir áhöfn Ljósafells samheldna í



■ Ljósafell SU-70 kom nýsmíðað frá Japan til Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði þann 31. maí árið 1973. Skipið varð því 50 ára á dögunum.

því að halda skipinu í góðu ásigkomulagi, ganga vel um það og halda því snyrtilegu.

„Umgengni er misjöfn milli skipa og það er einhvern veginn þannig að það skapast ákveðnar hefðir sem eru breytilegar milli skipa og útgerða. Hér fara menn um með þvottafötturnar á landstíminu og það er þrifið á dekkinu og í kringum veiðarfærin, rétt eins og í vinnslunni og annars staðar. Við förum aldrei upp að bryggju fyrr en bú-ið er að þrifa eftir túrinn. Þetta er bara rútína sem áhöfnin vinnur eftir,“ segir hann.

#### Gaman þegar allt gengur upp

Kristján svarar þeirri spurningu strax ját-

andi hvort honum þyki sjómennskan alltaf jafn skemmtileg.


„Já, ég get ekki sagt annað. Mér finnst hún ekki síður skemmtileg núna þegar ég er að takast á við öll þau verkefni sem snúa að skipstjórninni og skipulagi veiðanna. Maður fær mikið út úr því þegar öll plön ganga upp en getur jú líka verið leiðinlegra þegar slíkt gerist ekki. Þetta er áskorun í bland við veiðimannseðlið. Hugurinn er mikið við starfið, hvort sem maður er um borð eða heima í frítúr en ég er samt ekki hringjandi um borð þegar ég er í fríi. En fylgist engu að síður með á Marine Traffic hvar strákarnir eru,“ segir Kristján sem

segist alla jafna vera búinn að skipuleggja túrana áður en lagt er frá bryggju.

„Já, oftast er ég búinn að ákveða hvert ég fer en ef ekki þá ég búinn að teikna þetta upp áður en við erum komnir út úr firðinum. Maður leitar eftir upplýsingum frá öðrum skipum um aflabrögd og svo þarf að taka tillit til þess ef óskir eru frá vinnslunni. Þessu til viðbótar sækir maður í reynsluna með fiskgengdina, ártímann, tíðarfarið og svo framvegis. Allt þetta á sinn þátt í að gera skipstjórnina skemmtilega,“ segir Kristján.

# Traustur félagi í sjávarútvegi

Starfsfólk Skeljungs óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



verslun.skeljungur.is  
Í vefverslun er hægt að panta og fá vörur  
sendar fyrir skip, vélar og annan iðnað.



Skeljungur



■ Vélfag kynnti hina byltingarkenndu UNO vél fyrst á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll í september síðastliðnum og hefur hún vakið mikla athygli hérlendis og erlendis. Hér eru þau Bjarni Sigurgarðarsson og Ólóf Ýr Lárusdóttir, stofnendur Vélfags, við vélina.

# Mikil verkefni og vöxtur hjá Vélfagi

Byltingarkenndu UNO vélarnar vekja mikinn áhuga hjá fiskverkendum

Búið er að semja um sölu á þremur UNO vélum frá fiskvélaframleiðandanum Vélfagi ehf. en þar er um að ræða byltingarkennda nýsköpun í fiskvinnsluvélum sem fyrirtækið kynnti fyrst sem þróunarverkefni í fyrra. Bæði var vélin kynnt á sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll í september og jafnframt á sjávarútvegssýningunni í Barcelona á Spáni nú í lok apríl og segir Ragnar A. Guðmundsson, yfirmaður solumála hjá Vélfagi, að hvar-

vetna fái UNO mikla athygli og vekji áhuga hjá fiskvinnslufyrirtækjum og útgerðum vinnsluskípa. UNO vélin sameinar nokkrar hefðbundnar fiskvinnsluvélar í eina og má segja að í einfaldaðri mynd sé slægðum fiski raðað í annan enda vélarinnar og á hinum endanum skilar vélin unnum afurðum.

**Fyrstu UNO vélarnar afhentar í árslok**

Fyrstu tvær UNO vélarnar eru

seldar til norska útgerðarfyrirtækisins Bluewild og verða þær settar um borð í ECOFIVE nýsköpunartogara fyrirtækisins sem nú er í smíðum. Þetta skip er um margt bylting og ný hugsun í fiskiskípum og hefur verið tilnefnt sem skip ársins í Noregi. Gert er ráð fyrir að UNO vélarnar tvær verði afhentar til Bluewild í árslok. Þriðja UNO vélin frá Vélfagi sem þegar hefur verið samið um fer til fiskvinnslufyrirtækis í Lettlandi.

Starfsmönnum Vélfags hefur

fjölgað undanfarna mánuði og eru nú um 35 talsins en starfsemin er á Akureyri og í Ólafsfirði, auk nýrrar skrifstofu í Reykjavík þar sem Ragnar er staðsettur.

**Byggt á góðum nýsköpunargrunni**

„Vélfag hefur státað af því á undanföllum árum að vera með sterka nýsköpun og verið framarlega í þróun fiskvinnsluvéla. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í vinnslu á hvítfiski með hausurum, roð-

dráttarvélum og flökunarvélum og sannarlega gert vel í sinni uppbyggingu, svo eftir hefur verið tekið hér á landi sem erlendis. UNO vélin er rökrétt framhald þessa þróunarstarfs og tækifæri okkar eru að mínu mati mjög mikil á komandi árum bæði á innlendum markaði og erlendis,“ segir Ragnar en sjálfur gekk hann til liðs við Vélfag í desember síðastliðnum eftir að hafa verið í sölustarfi hjá Skaganum 3X síðustu tíu ár. Ragnar er því mjög kunnugur mörkuðum fyrir fisktækniþúnað víða um heim og segir engan vafa að Vélfag eigi mikið erindi með sína vörulínu.

**Áreiðanleiki vélanna er grundvallaratriði**

Í UNO vélinni má segja að allar vélar Vélfags séu í einni stórrí véli. UNO hausar, flakar, beinhreinsar, roðdregur og gæðametur afurðirnar þannig að hægt er að stýra flökunum út úr vélinni í pökkun eða frekari vinnslu. Þetta er í reynd algjör bylting í fiskvinnslu eins og við höfum þekkt hana hingað til.

„Markaður fyrir okkar vélbúnað, UNO sem aðrar vélar Vélfags, er bæði í vinnslum í landi og í vinnsluskípum úti á sjó. Vélarnar eru þekktar fyrir mikil afköst og mjög góða nýtingu og þar er komið að þeim atriðum sem skipta fiskverkendum auðvitað hvað stærstu máli. Þar stöndum við vel að vígi í samanburði en annað sem hefur einkennt vélarnar frá Vélfagi er einfaldleikinn fyrir notandann, bæði hvað varðar notkun vélanna, þríf, viðhald og annað. Síðan komum við að því stóra áhersluatriði sem hefur alla tíð verið áreiðanleiki vélanna og vafalítið er samhengi milli þess og þeirrar staðreyndar að Vélfag er nú komið með mjög hátt hlutfall af fiskvinnsluvélum í frystitogurum hér á landi. Áreiðanleik-

**MD Vélar** í þjónustu við útgerðina í 33 ár  
Reynsla | Þekking | Ráðgjöf



**MITSUBISHI MARINE ENGINE**  
Partner for sales & services

*Eigendur og starfsmenn  
MD Véla  
Senda sjómönnum  
og fjölskyldum þeirra  
innilegar kveðjur  
í tilefni sjómannaþingsins 2023*



MD VÉLAR | VAGNHÖFÐA 12 | 110 REYKJAVÍK  
Sími: 567 2800 | e-mail: mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is



■ Ragnar A. Guðmundsson, yfirmaður sölumála hjá Vélfiagi og Baldvin Þorsteinsson, forstjóri þýska útgerðarfyrtækisins DFFU, gengdu á sjávarútvegssýningunni í Barcelona í apríl frá samningi um vélbúnað frá Vélfiagi í nýtt vinnsluskip DFFU sem nú er í smíðum.

inn er grundvallaratriði þegar unnið er með búnað í skipum úti á sjó og útgerðir vinnsluskipa verða að geta treyst því að vélarnar standist það álag sem því fylgir að vera úti á sjó," segir Ragnar.

Auk þessara atriða segir Ragnar að hvað UNO vélina varði sjái útgerðir og fiskverkendur í henni sparnað í vinnuafli og einnig nýtist rými í vinnslunum betur í einni vél í stað margra.

#### Hraður vöxtur og mikil tækifæri

Vélfiagi hefur vaxið hratt á erlendum mörkuðum að undanförunu og um helmingur veltu fyrirtækisins það sem af er ári hefur komið frá útflutningi. Fyrirtækið framleiðir hausara, roðdráttarvélar og flökunarvélar, auk nýju UNO vélarinnar og segir Ragnar að þrátt fyrir mikla athygli á hana á mörkuðum verði áfram mikið að gera í framleiðslu og þróun á öðrum vélbúnaði frá Vélfiagi. Til að mynda seldi fyrirtækið nýverið vélbúnað í nýjan togara þýska útgerðarfyrtækisins DFFU sem nú er í smíðum.

„Markaður okkar er mjög líflegur, við fáum mikið af fyrirspurnum og mörg verkefni sem við erum að vinna í, bæði fyrir landvinnslufyrirtæki og sjóvinnslu. Við erum því að upplífa gríðarlegan vöxt í sölu Vélfiags þessa mánuðina og hann byggist á góðum lausnum í búnaði, tengslum og markaðsstarfi," segir Ragnar.

Enn sem komið er segir Ragnar að áherslur Vélfiags í markaðsstarfinu beinist að nágrennlöndum okkur og Vestur-Evrópu en einnig sé horft til markaða vestanhafs í framhaldinu. „Svo horfum við einnig til þess að þjónusta framleiðendur á eldisfiski og öðrum tegundum í framtíðinni með okkar lausnum en í dag höfum við allan okkar fókus á hvítvinnslunni og þróun lausna fyrir hana. Framtíðin er því björt fyrir Vélfiag," segir Ragnar A. Guðmundsson.

velfag.com



■ Aðalstöðvar Vélfiags ehf. á Akureyri.

# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN



## RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS HEFUR STAÐIÐ VAKTINA Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tækniþúnaði og notkun hans.

Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn

RAFIDNADARSAMBANDIÐ STENDUR VAKTINA og stendur vörð um réttindi þín, starfsumhverfi, vellíðan og starfsöryggi.

STOLTUR BAKHJARL



AÐILDARFÉLÖG RAFIDNADARSAMBANDSINS



# Ný Optimice krapavél fyrir smábáta

Kapp ehf. hefur sett á markað nýja Optimice krapavél fyrir smábáta. Fyrirtækið hefur til fjölda ára framleitt ískrapakerfi fyrir stærri skip en Heimir Halldórsson, sölustjóri Kapp, segir að tímabært hafi verið orðið að útfæra búnað sérstaklega fyrir smábátana. Mikil spurn sé eftir kællilusnum fyrir smábáta, bæði héraðs og erlendis.



■ Heimir Halldórsson, sölustjóri Kapp.

## Sérniðin vél að smábátum

„Við höfum lengi framleitt Optimice kerfin fyrir stærri skip og báta með góðum árangri en í þessari nýju vél höfum við sérstaklega útfært búnaðinn í hentugt form fyrir smábáta. Þetta er lítil eining sem flestir ættu að geta komið fyrir í bátum sínum og vél sem ræður auðveldlega við að framleiða það sem bátar af þessari stærð hafa þörf fyrir í hefðbundnum veiðiskap, til dæmis á strandveiðum,“ segir Heimir.

## Krapinn umlykur fiskinn

Vélin ber heitið Optimice BP-103 og miðast hún við báta af stærðinni 7-15 metrar að lengd. Vélin er um 180 kíló að þyngd og þarf hún 4,5 kW rafmagnstengingu. Búnaðurinn er í lokuðum kassa sem er einn metri á hæð og 78x59 sentimetrar á kant. Fyrirferð vélarinnar er því lítil og ætti í flestum tilfellum að vera auðvelt að koma henni fyrir um borð. Fyrir utan tengningu við rafmagn við-

komandi báts er sjórör það eina sem þarf að tengja við vélin.

Góð reynsla er komin á kælingu afla í Optimice krapa sem umlykur fiskinn og kællir hann hratt niður í -0,5 gráður en krapinn sjálfur er -2-2,5 gráður.

„Best er að framleiða ís í svona bátum í 1-2 kór til að byrja með, fylla um þriðjung þess af ískrapanum og setja síðan fisk í það. Það ræðst svo af veiðinni hversu mikil þörf er á að keyra krapavélin en hana gangsetja menn bara eftir því hvernig framvindan er í veiðinni og þörf fyrir kælingu aflans,“ segir Heimir.

## Kælingin skiptir miklu máli

Aðspurður segir hann að mikil



■ BP-103 ískrapavélin mætir þörf smábátæigenda fyrir meiri og betri kælingu aflans.

þörf sé fyrir kællilusnir fyrir smábáta og löngu hafi verið orðið tímabært að svara kalli smábátæigenda um tæknilega lausn fyrir þeirra þarfir.

„Það er mikill áhugi hjá smábátæigendum bæði héraðs og erlendis á þessum búnaði enda vilja allir leggja sig fram um að koma með sem best hráefni og

vel kælt að landi. Að því leyttu til eru þarfirnar nákvæmlega þær sömu hjá smábátæigendum og útgerðum stærri skipa og þess vegna er það mjög ánægjulegt fyrir okkur að geta boðið smábátæigendum hentuga kælingarlausn fyrir aflann,“ segir Heimir.



Uppsetning Optimice B-103

segir hann að taki örfáar klukkustundir og býður Kapp smábátæigendum hvar á landinu sem er að annast hana. „Við getum þannig fylgt búnaðinum úr hlæði, sett hann upp og leiðbeint um notkun svo að allt virki sem best frá fyrsta degi,“ segir Heimir.


kapp.is





MD785

Seacom 200





Sperry Navigat 200 Gyrocompass




Simrad ST 90 sonar




Simrad ES80 dýptarmælir


JMR-5400 Ratsjá





Simrad CP60 Straum- og dýptarmælir



www.simberg.is  
simberg@simberg.is

Simi: 414-4414



Fræðiskarandi fyrirtæki

Askalind 2  
201 Kópavogur



## Leiðandi í nýsköpun fiskeldislausna

Linde hefur verið í farabroddi fyrirtækja í þróun á hágæða gas lausnum fyrir fiskeldi. Linde mun halda áfram að vera leiðandi í þróun tækni sem eykur virkni og sparar orku í súrefnisdreifingu. Með réttri súrefnisdreifingu í vatni má draga úr áhættuþáttum og auka öryggi eldis á mismunandi vaxtarskeiði. Linde getur boðið heildar súrefnislausnir og ráðgjöf, ásamt öflugum stuðningi frá háþróaðri fiskeldis tilraunastöð Linde í Álasundi í Noregi.





■ Ármann H. Guðmundsson, þjónustustjóri DNG.

# Nýja R1 færavindan frá DNG eftirsótt

„Við höfum afgreitt um 100 ein-tök af nýju R1 færavindunni hér á Íslandsmarkaði og keppumst þessar vikur við að afgreiða vindur og ganga á lista kaup-

enda. Fyrstu eintökin fóru í báta í fyrrasumar og við höfum ekki heyrt annað en vindan hafi almennt fengið mjög góðar viðtökur. Einn strandveiðimaður sem er

með fjórar vindur á bát sínum fullyrti við mig að R1 vindurnar fiskuðu betur en C6000 vindurnar hans gerðu. Það er einmitt markmiðið hjá okkur; að koma



■ R1 vindan í bát á falletgri veiðislóð við Grænland í fyrrasumar.

Mynd: Daniel Guðbjartsson



fram með nýja kynslóð sem skilar okkur fram á veg í þróun búnaðarins,” segir Ármann H. Guðmundsson, þjónustustjóri DNG. Færavindur DNG hafa leikið stórt hlutverk á undanförunum árum í framþróun handfæraveiða og eru mikil tímamót nú þegar fyrirtækið er komið fram með nýja kynslóð af vindu sem heitir R1 en næsta kynslóð á undan var C6000 vindan sem kom fyrst á markað árið 1995.

## Vinda hlaðin tæknilegum nýjungum

„Það er ekkert launungarmál að truflanir á framleiðslu íhluta í heiminum vegna Covid faraldursins töfðu fyrir okkur í þróun og framleiðslu nýju vindunnar en við erum í óða önn að vinna þær tafir upp. Síðan er stór hópur smábátaeigenda erlendis sem bíður eftir að fá vindur afgreiddar þannig að það er mikill áhugi á markaðnum fyrir R1 vindunni,” segir Ármann. Og kannski ekki að furða í ljósi þess hversu mikil byltingin með R1 kynslóðinni er.

Möguleikar koma til með að verða til að tengjast henni og stjórna með snjalltækjum, fjar-tengjast henni til viðhalds og uppfærslu hugbúnaðar, vindan er með nýju stýrikerfi, kominn er litaskjár á vinduna, takkaborð er breytt og í henni eru tengimöguleikar fyrir WiFi sem nýtist til hugbúnaðaruppfærslu. GPS og Blue-

tooth tengimöguleikar eru enn sem komið er á vinnslustigi.

## Hugbúnaður í stöðugri þróun

„Þrátt fyrir að fyrstu vindurnar hafi verið afgreiddar í fyrra þá höfum við áfram unnið af fullum krafti í vetur í uppfærslu hugbúnaðarins. Það sem við höfum meðal annars lagt áherslu á í hugbúnaðarþróun er að auka nákvæmni í lengdum og þróa notendaviðmótin enn frekar. Hjá okkur er nú forritari í fullu starfi við hugbúnaðarþróun og ég reikna með að seinna í sumar munum við senda notendum hennar nýjustu hugbúnaðaruppfærslur. Við höfum mikinn metnað til þess að fylgja þessari nýju kynslóð eftir af miklum krafti út á markaðinn og nýta okkur tæknina til að þjónusta kaupendur sem best til að þeir fái sem allra mest út úr búnaðinum,” segir Ármann.

Vindurnar frá DNG eru bæði notaðar við hefðbundnar handfæraveiðar en einnig til makrílveiða. „R1 vindan er búin makrílkerfi en hefur ekki verið notuð sem slík ennþá en líkt og hvað varðar hefðbundnar handfæraveiðar þá leggjum við upp úr að vinna stöðugt í hugbúnaðarþróun. Vindan er öflug og færir smábátasjóðmönnum vítt notkunarsvið og margar nýjungar,” segir Ármann.

dng.is



# TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN

Við tökum útstímið með ykkur

Tækniskólinn   
skóli atvinnulífsins

# Ein af Dísunum við Djúpið

Bryndís ÍS var einn þeirra eikar-báta sem Bárður G. Tómasson, skipasmiður á Ísafirði, hannaði og smíðaði í lok fjórða áratugar síðustu aldar, rétt um það bil sem heimsstyrjöldin síðari var að hefjast. Báturinn var smíðaður fyrir Útgerðarfélagið Njörð á Ísafirði sem var eitt af stærstu útgerðarfyrirtækjum staðarins en félagið var í meirihlutaeigu Kaupfélags Ísafirðinga. Má til gamans geta þess að fyrsti stjórnarformaður Njarðar var Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur.

## Dísirnar við Djúpið

Dísirnar voru þessir bátar Njarðar kallaðir einu nafni en fyrst í röðinni var Sædís ÍS, byggð árið 1938. Síðan kom Ásdís sama ár og svo Bryndís ÍS, Hjördís ÍS og Valdís ÍS á næstu tveimur árum en Bryndís ÍS var sjósett í desember 1939. Sjötta Dísin bættist svo við nokkrum árum síðar og fékk nafnið Jódís ÍS. Allar voru Dísirnar gerðar út meðan á stýrjaldarárunum stóð og stunduðu þær línu-, dragnóta- og reknetaveiðar.

Þrjár þessara báta mættu ör-lögum sínum og var fargað á einn eða annan hátt, líkt og er saga fjöldamargra trébáta sem báru uppi fiskveiðar landsmanna á fyrri hluta síðustu aldar. Einn bátanna sökk án þess að manntjón yrði en tveimur, Sædís og Bryndís, hefur hins vegar tekist að bjarga frá eyðingu en sá fyr-

nefndi er nú í umsjá Byggðasafns Vestfjarða.

## Löng útgerðarsaga

Stundaðar voru veiðar á Bryndísi ÍS allt fram undir síðustu aldamót þegar bátnum var lagt eftir áratuga farsæla útgerð. Flest benti til að Bryndísar biður þau sömu ör-lög og margra annarra trébáta að verða eytt en bátaáhugamaðurinn Hörður G. Jóhannsson á Akureyri kom í veg fyrir að svo færi.

Aflinn á öllum þessum áratugum sem Bryndís ÍS var gerð út er mikill en báturinn er líka samofinn útgerðarsögunni fyrir vestan því hinn nafntogaði aflskipstjóri, Ásgeir Guðbjartsson á Ísafirði, eigandi og stofnandi útgerðarfélagssins Hrannar á Ísafirði, þreytti frumraun sína sem skipstjóri á Bryndísi ÍS. Og ekki bara það því Bryndís ÍS var fyrirmynd fyrstu Guðbjargarinnar sem smíðuð var fyrir útgerðarfélagið Hrönn árið 1956 en það var meira en tvöfalt stærra skip, 47 tonn. Þannig má á vissan hátt segja að Bryndís ÍS hafi lagt grunninn ífirsku Guggunum og útgerðarstórveldi Ásgeirs Guðbjartssonar. En það er framtíðin sem ekki minna máli skiptir núna og er óhætt að segja að Bryndísar biði að ganga algjörlega í endurnýjun lífdaga og takast á ný við öldur hafsins þegar verkefni Harðar G. Jóhannssonar og fjölskyldu hans lýkur.



■ Bryndís ÍS-69 að veiðum í Djúpinu.

## Fyrsti skipaverkfræðingur Íslendinga

Áður nefndur hönnuður Bryndísar og hinna Dísanna, Bárður G. Tómasson, skipasmiður er merkur maður í trébátasögu landsmanna. Hann fæddist að Hjöllum í Skötu-firði í Norður-Ísafjarðarsýslu árið 1885 og fluttist barn að aldri með móður sinni að Kollafjarðarnesi í Strandasýslu. Þar ólst hann upp hjá móðurbróður sínum, Guðmundi Bárðarsyni sem var frábær bátamaður, að því er heimildir

segja. Þarna hófust kynni Bárðar af trébátum og bátasmiði. Bárður fluttist 18 ára gamall til Ísafjarðar þar sem hann réð sig til Jóhanns Þorkelssonar skipasmiðs og var hjá honum í einn vetur við þilskipaviðgerðir. Þá hélt hann til Danmerkur til náms í skipasmíðum og fór síðan til Bretlands til framhaldsnáms og starfa í greininni. Bárður lauk námi í skipaverkfræði fyrstur Íslendinga en árið 1916 sneri hann aftur til Ísafjarðar og stóð fyrir stofnun skipa-

smíðastöðvar þar í bæ. Hana rak Bárður allt til ársins 1944 þegar hann var ráðinn í embætti siglingamálastjóra. Sem slíkur gaf hann m.a. út viðamikla reglugerð um smíði trébáta og hún er einmitt leiðarljós Harðar í endurbyggingunni á Bryndísi ÍS. Þannig má á vissan hátt segja að Bárður, hönnuður og smíður bátsins á sínum tíma, sé líka í lykilhutverki í að Bryndís verður endurbyggð eftir öllum kúnstarinnar reglum.

Til hamingju með daginn sjómenn!

Marport óskar sjómönnum & fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

**MARPORT**

MARPORT.COM

ICELAND
 USA
 SPAIN
 NORWAY
 FRANCE
 SOUTH AFRICA
 UK



**VIÐ GERUM  
ÚT Á GÓÐA  
ÞJÓNUSTU**



Héraðsprent

# FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn  
Norðfjarðarhöfn  
Eskifjarðarhöfn  
Mjóeyrarhöfn  
Reyðarfjarðarhöfn  
Fáskrúðsfjarðarhöfn  
Stöðvarfjarðarhöfn  
Breiðdalsvíkurhöfn



**Sjómenn**

*– til hamingju  
með daginn!*



**FJARÐABYGGÐ**

[www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)



■ Feðginin Hörður G. Jóhannsson og Lilja Dís Harðardóttir um borð í Bryndísi. Hörður hóf endurbýggingu bátsins af fullum krafti í september síðastliðnum.

# Eikarbáturinn Bryndís ÍS gengur í endurnýjun lífdaga

Á fjörukambinum við ós Glerár á Akureyri er trégrindarhús sem reis á síðasta ári, plasteinangrað og gluggalaust. Húsið sem slíkt lætur ekki mikið yfir sér en innan veggja er hins vegar verið að vinna að merkilegu verkefni. Húsið var reist yfir eikarbátinn Bryndís ÍS sem byggður var árið 1939 og er elsti skráði eikarbátur landsins. Eigandi bátsins er Hörður G. Jóhannsson á Akureyri sem hafði lengi haft augastað á að eignast eikarbát til að gera úr honum skemmtibát fyrir sig og fjölskylduna. Tækifærið bauðst þegar atvinnuútgærd Bryndísar ÍS lauk í Bolungarvík um síðustu aldamót og þá eignaðist Hörður bátinn og sigldi honum í framhaldinu til Akureyrar. Hörður, sem er rafvirki og vélfræðingur að mennt, er mikill áhugamaður um smíðar og segir þetta verkefni sameina smíðaáhugann og þá hugsjón að varðveita gamla báta og sögu bátasmíða á liðinni öld. Hann nýtur þess að hafa dyggan stuðning fjölskyldu sinnar í þessu stóra verkefni sem segja má að hafi farið á fulla ferð síðasta haust þegar byggt var yfir bátinn og hin eiginlega endurbýgging og smíðavinna hófst. Þau feðgin Hörður og Lilja Dís, sem aðstoðar föður sinn í verkefninu, tóku fúslega á móti blaðamanni og sögðu frá verkefninu.

## Sama nafn frá upphafi

Bryndís ÍS er 14,2 metrar að lengd og mesta breidd bátsins er 3,7 metrar en báturinn er skráður 19 tonn.

„Báturinn hefur alla tíð borið Bryndísarnafnið sem er nokkuð merkilegt miðað við þessa löngu útgerðarsögu allt frá 1939 til aldamóta. Algengast er að nöfnum báta sé breytt þegar þeir fara milli eigenda en jafnvel þó Bryndís hafi á þessum áratugum fengið nýja eigendur þá héldu þeir allir þessu nafni. Hið sama gildir um systur-



■ Hörður og Lilja Dís við skýlið yfir Bryndísi. Hörður áætla að það geti tekið um 10 þúsund tíma að endurbýggja bátinn.



■ Bryndís ÍS komin að bryggju á Akureyri um aldamótin.



■ Hörður með hefilið í höndum. Það þarf sérstök verkfæri í svona verkefni.

skipið, Sæðísi. Báðir voru bátarnir alla tíð gerðir út frá Ísafirði og Bolungarvík,” segir Hörður um sögu Bryndísar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi samantekt er Bryndís ein af sex eikarbátum sem Bárður G. Tómasson hannaði og smíðaði á sínum tíma fyrir útgerðarfélagið Njörð á Ísafirði. Þegar sögu þeirrar útgerðar lauk fóru fjórir þeirra hver í sína áttina til nýrra útgerða en Bryndís og Sæðís voru áfram við Djúpið.

„Þremur bátanna var eytt eftir að útgerð þeirra lauk en mér finnst nokkuð merkilegt að enginn af þessum bátum fórst, þ.e. að manntjón varð, líkt og átti við um marga trébatá á síðustu öld. Þó sókk ein af Dísunum en öllum um borð var bjargað í því óhappi og mannskapnum var engin hættu búin. Því er óhætt að segja að útgerð bátanna hafi alltaf verið farsæl, ekki síst þegar haft er í huga að allt voru þetta

# HAMPIÐJAN

**GLORIA<sup>®</sup>**  
**HELIX<sup>™</sup>**  
 Þantroll

Þankraftur

Streymi yfir kaðal fer lengri leið.  
 Meiri straumhraði = Minni þrýstingur

Streymi undir kaðal fer styttri leið.  
 Minni straumhraði = Meiri þrýstingur

FLOTTROLL

ÞANTROLL

- Opnast fljótt við kast
- Meiri opnun í togi
- Heldur lögun vel í beygjum
- Hljóðbylgjur beinast innávið

**STÖÐUG  
 VÖRUPRÓUN**  
 er kjarninn sem  
 við byggjum á.

Helix þantæknin er einkaleyfisvarin

bátar sem voru í stífu útræði. Að mínu mati er mjög mikils virði að tveir þeirra, Bryndís og Sædís, varðveiti þessa sögu því þetta eru bátar sem algjörlega eru byggðir á íslensku hugviti og hönnun og eru merkilegur kafli í sögu trébátasmíði og trébátatúngerðar á Íslandi,” segir Hörður.

Meðan Bryndís ÍS var í útgerð var bátinum róði á línu, net, snurvod og rækjutrolli og veit Hörður meira að segja til þess að í afla Bryndísar séu nokkrir túnfiskar. „Þegar ég kom vestur til að skoða bátinn og festa mér hann var mér líka sagt að stórt atvik hafi orðið hjá Ásgeiri Guðbjartssyni þegar hann skipstjóri á Bryndísi en þá hafi eitt sinn komið slæmt brot á bátinn þegar hann var að veiðum og hann oltið heilhring í sjónum. Því til staðfestingar hafi veiðarfæri verið vafið utan um bátinn þegar í land var komið. Frá þessu atviki hafi sem betur fer allir komist heilu og höldnu. Þetta er því sannarlega bátur með mikla sögu,” segir Hörður.

### Tíu þúsund klukkustunda verkefni

Sem fyrr segir eru nú liðin rúm 20 ár frá því að Hörður festi sér bátinn og kom með hann til Akureyrar. Lengstum hefur Bryndís staðið uppi á landi síðan þá. Hugmyndin segir Hörður að hafi alltaf verið sú að verða sér úti um eikarbát til að breyta í skemmtibát fyrir fjölskylduna.

„Ég fór fyrir löngu að svipast um eftir eikarbát undir 15 metrum sem gæti hent að okkur. Í sjálfu sér var ég ekki að leita að neinu ákveðnu heldur má segja að Bryndís hafi komið upp í hendurnar fyrir tilviljun. Ég hafði skýra hugmynd um hvernig ég vildi útfæra skemmtibát og þessi bátur var mjög góður kostur í verkefnið. Það var hins vegar ljóst strax í byrjun að ég þyrfti að gera talsvert fyrir bátinn því mörg seinni árin meðan hann var í útgerð lá fyrir að hans biði ekki annað en verða sagaður niður þegar útgerð hans lyki. Þar af leiðandi hafði viðhaldið á bátnum verið lítið seinasta hluta útgerðartímans,” segir Hörður en báturinn var við bryggju í Bolungarvík í eitt ár áður en Hörður eignaðist hann.

Á þessum tíma var Hörður í ýmsum störfum hérlendis og erlendis og segist hafa þurft að afla fjármuna til að standa straum að kostnaði við lagfæringar á Bryndísi. Hann hefur keypt hátt í fimm tonn af víði erlendis frá á síðustu árum, fyrst og fremst eik, mahoní og pine.


„Ég var m.a. að vinna fyrir Samherja úti í Noregi eftir að ég eignaðist Bryndísi og þar hittu ég menn sem höfðu endurbyggt mjög áþekkan bát. Út frá þeirra reynslu reiknast mér til að það sé ekki óvarlegt að áætla um 10 þúsund klukkustunda verktíma við endurbygginguna á Bryndísi,” segir Hörður.

### Samkeppni um timbrið við Nordre-Dame

Að stærstum hluta felst verkefni Harðar, Lilju Dísar og fjölskyldunnar í að endurbyggja allan efri hluta Bryndísar; dekk, messa, stýrihús og afturlúkar og innréttu vistarverur en Hörður segir að í bátinum verði svefnrými fyrir 7-8 manns. Áður en verkið hófst voru gerðar teikningar af breytingunum og samþykktar af þar til bærum yfirvöldum en Hörður segist leggja áherslu á að halda öllum megináherslum í útliti bátsins frá því var í upphafi þó hlutverk bátsins verði nú allt annað en áður.

„Þannig má segja að báturinn komi til með að líta út eins og hefðbundinn fiskibátur þó hann verði í sjálfu sér bara sumararbústaður á sjó,” segir hann.

Hörður segir að veikindi og önnur störf á síðustu árum hafi orðið til þess að það var ekki fyrr en síðasta haust sem hann hófst handa af fullum krafti við endurbyggingu Bryndísar þegar hann reisti skýlið á fjörुकambinum við Glerárósin. Þar er hann m.a. með trésmíðavél til að vinna úr timbrinu dýrmæta og sannarlega þarf að velta hverri einustu spítu fyrir sér. „Þetta er dýrt efni sem þarf að fara mjög vel með og það liggur ekki á lausu hvar sem er. Og svo er samkeppni um timbrið við kirkjuna,” segir hann sposskur og bætir við til útskýringar að endurbygging Notre-Dame kirkjunnar í París eftir stórbrunnann árið 2019 sópi nú til sín miklu magni af eik og öðrum harðvíði. Sú eftirspurn hafi auðvitað áhrif á timburmarkaðinn og verð á timbri.



■ Þau eru mörg handtökin við að endurbyggja gamlan trébát. Hér er allt gert samkvæmt kúnstarinnar reglum.



■ Bryndís á fjörुकambinum við ósa Glerár í fyrrasumar.



■ Nýr víður kominn í dekkið.

### Sérsmíðuð áhöld og naglar

„Dekkið á bátnum var algjörlega ónýtt og ég þurfti líka að skipta út nokkrum dekkbitum og skipta um stytur í skut bátsins en skrokkurinn sem slíkur þarfnast ekki mikilla lagfæringa,” segir Hörður en frá því hann hófst handa af fullum krafti síðastliðið haust er nú búið að smíða nýtt dekk á bátinn. Verkinu miðar því jafnt og þétt en aðspurður segist Hörður gjarnan vinna í bátnum frá klukkan níu á morgnana til um

klukkan fjögur á daginn. „Hann sést því ekki mikið heima hjá sér,” skýtur Lilja Dís hlæjandi inn í en fyrir utan aðstoð fjölskyldunnar hafa ýmsir aðrir aðstoðað þegar á hefur þurft að halda. Vinnsla á löngum sneiðum úr trjábolum er til að mynda ekki á færni eins manns en það eru líka að sama skapi ýmis verkefni sem taka langan tíma og þarf mikið að nostra við þó þau láti ekki mikið yfir sér. Allt er líka gert eftir kúnstarinnar reglum en nota þarf sérstök áhöld og sem

dæmi eru naglar í endurbygginguna fengnir frá Þýskalandi.

„Þetta verkefni kallar á mikið magn af timbri og þetta er efni sem á ekkert skylt við það timbur sem fæst í byggingavörverslunum hér á landi. Fljótlega eftir að ég fékk bátinn byrjaði ég að safna að mér timbri og var meðal annars í samstarfi við Norðursiglingu á Húsavík, þar sem ég vann um tíma, í innflutningi á timbri. Eik er lykiliðið í öllum burði í bátnum og hana fæ ég frá Danmörku, mahoní er keypt í Póllandi og pine er flutt inn frá Bandaríkjunum. Þetta má segja að séu aðal hráefni í verkefninu.”

### Skip verða ekki minjar sé þeim eytt

Hörður og Lilja Dís segja að reglugerð um byggingu trébáta frá árinu 1947 sé algjörlega handbók fyrir verkefnið og fjársjóður upplýsinga um einstaka verkþætti en að baki gerð hennar stóð Bárður G. Tómasson þegar hann var orðinn siglingamálastjóri. Eitt er þó að hafa leiðarvísi í verkefninu, bát og víði til að smíða en annað er verkunnáttan. Hörður er spurður um áhugann á bátasmíðum.

„Smíðaáhuginn hefur mjög lengi fylgt mér og smíðar eru með því allra skemmtilegasta sem ég geri. En þetta er ekki verkefni sem maður mælir í tímagjaldi eða neinu slíku. Það er til gömul setning sem ég nota mikið og er svona: „Veltu eikinni tvisvar og hafðu endaskipti á mátanum.” Þetta lýsir sennilega hvað best að maður verður að gæta sín á að nýta allt efnið sem er til staðar á réttan hátt og sem best.”

Hörður viðurkennir að honum hafi stundum fallist hendur frammi fyrir verkefninu og umfangi þess. Tíu þúsund klukkutímar eru jú langur tími. „Jú, vissulega hafa mér fallist hendur og sérstaklega þegar ég var að ná mér eftir krabbameinsmeðferð fyrir nokkrum árum. En ég tók meðvitaða ákvörðun um að byggja mig upp eftir hana, borða feitt kjöt og smjör og hefjast svo handa við smíðina. Og hér er ég í dag.”

Sannarlega er endurbygging Bryndísar ÍS minjavernd í sjálfu sér og hefur verkefnið enda fengið fjárstuðning Minjastofnunar og fleiri aðila.

„Minjaverndin er í mínum huga snar þáttur í þessu verkefni öllu og mitt slagorð er að gömul skip verði ekki minjar sé þeim eytt. Það er bara staðreynd. Saga Bryndísar mun varðveitast með endurbyggingu hennar til framtíðar og þetta kemur til með að verða skip sem hægt verður að sigla hvert sem er þegar þar að kemur.”

[velfag.com](http://velfag.com)

# 70% af bolfiski veiddum af íslenskum frystitogurum er unninn með fiskvinnsluvélum frá VÉLFAGI

*Til hamingju með daginn!*

**Vélfag** óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn



**VÉLFAG**  
INTELLIGENT PROCESSING

# „Við vorum flæmdir að heiman“

Einar Sigurðsson er einn fimm strandveiðimanna sem flúði Raufarhöfn í vor vegna fyrirkomulags strandveiða

Sjómenn á fimm bátum frá Raufarhöfn, sem reka fimm litlar útgerðir, færðu sig um set fyrir yfirstandandi vertíð á strandveiðum. Þeir flúðu brothætta heima byggð og héldu vestur bóginn þar sem von er á betri veiði fyrri hluta sumars. Strandveiðar voru í fyrra stöðvaðar upp úr miðjum júlí, þegar fiskur var nýlega kominn í færi við strandveiðisjómenn á austanverðu landinu. Frumvarp um svæðaskiptingu aflaheimilda hafði ekki verið samþykkt þegar strandveiðar hófust, en ráðherra gerði í byrjun maí fyrirvara um að reglugerð um strandveiðar gæti tekið breytingum, ef frumvarpið færi í gegnum þingið.

Einn þessara fimm er útgerðarmaðurinn Einar Sigurðsson. Hann fékk, ásamt syni sínum sem rekur aðra útgerð og einum til, pláss í höfn á Grundarfirði. „Við fórum þrír vestur vegna þess að við vildum ná að veiða eitthvað áður en kerfinu yrði lokað. Við máttum það svo að potturinn yrði búinn í byrjun júlí. Þá er besti tím-



■ Fimm litlar útgerðir fluttu frá Raufarhöfn við upphaf strandveiða. Hér er Einar Sigurðsson á bryggjunni á Raufarhöfn.

## Alhliða skipaþjónusta

### Vélsmiðja Orms & Víglundar

Sérhæfir sig í allri þjónustu og viðhaldi á skipum.

#### Tvær flotkvíar:

**Flotkví I:** 13.000 tonna lyftigeta allt að 11 metra djúprista.

**Flotkví II:** 2.750 tonna lyftigeta allt að 7 metra djúprista.

- Hæfnispróf suðumanna og suðuferlar samþykktir af flokkunarfélögum.
- Viðgerðir á skrúfum og skrúfubúnaði samþykktar af flokkunarfélögum.
- Nýsmíði fyrir virkjanir og stóriðju.
- Viðgerðir og breytingar á vélbúnaði.
- Nýsmíði og þjónusta við rafskautakatta.

**Allt á sama stað:** Nýsmíði • Viðgerðir • Sandblástur • Slíptökur • Volblástur • Háþrýstipvottur • Málun • Stálviðgerðir • Ryðfrí stálsmiði • Stálvirki • Rennismíði • Skrúfuviðgerðir • Vélaviðgerðir • Steypum í legur • Vökvatækni • Trésmíði • Rafmagnsviðgerðir • Tækniþjónusta • Varahlutabjónusta • Köfunarþjónusta



### Vélsmiðja Orms & Víglundar

Kaplahraun 14-16 • 220 Hafnarfjörður  
Sími: 555 4199 • 660 9669  
Netfang: voov@voov.is Vefsíða: voov.is



■ Feðgarnir Einar, sem gerir út Björn Jónsson ÞH-345, og Arnór Einar Einarsson á Gylfa Bald ÞH-245 að flokka fisk á bryggjunni á síðasta degi strandveiða í fyrra. Þeir róa ekki frá Raufarhöfn á þessu strandveiðitímabili.

inn fram undan við Raufarhöfn og á norðausturhluta landsins,” útskýrir Einar þegar hann er spurður hvað hafi ráðið ákvörðun þeirra feðga. Eins og áður segir fóru þrír til Grundarfjarðar. Einn til viðbótar fór til Skagastrandar en sá fimmtí til Djúpavogs, þar sem von er á góðri ufsaveiði samhliða þorskveiðinni.

#### Ekki léttvæg ákvörðun

Einar segir aðspurður að frumvarp ráðherra og yfirlýsing um að reglugerð um strandveiðar gæti

tekið breytingum hafi gert þessa ákvörðun mjög flókna. Þeir feðgar hafi beðið með að taka ákvörðun þar til strandveiðar voru hafnar. „Við vissum ekki hvort við ættum að hafa trú á þessu yrði breytt á réttlátan hátt eða ekki. Við völdum, í ljósi reynslu okkar, að trúa því ekki að réttlæti næði fram að ganga,” segir Einar og heldur áfram: „Raddir þeirra sem passa upp á að frumvarpið náði ekki fram að ganga hafa verið of sterkar. Þar á meðal er Landsamband smábátaeigenda sem á





■ Sautjón bátar voru á strandveiðum frá Raufarhöfn í fyrra.

að hugsa um hag okkar smábátasjómannanna,” segir Einar ákveðinn.

Hann vísar til þess að LS hefur mótmælt frumvarpi ráðherra um svæðaskiptingu, sem myndi tryggja svæðum B, C og D sanngjarnan skerf af þeim aflaheimildum sem úthlutað hefur verið til strandveiða. Strandveidisjómenn á A-svæði hafa borið áberandi mest úr býtum undanfarin ár, á kostnað hinna svæðanna. LS hefur barist fyrir 48 sóknardögum fyrir alla, eins og lagt var af stað með þegar svæðaskipting var afnumin árið 2018. Í fyrra var allur ágúst og þriðjungur júlímánaðar skorinn aftan af tímabilinu.

„Ég hefði viljað sjá LS sýna viðleitni til að laga kerfið, svo það væri sanngjarnt. Þess í stað hófum við á Norðausturlandi fengið

ákúrir fyrir að standa ekki með 48-daga kerfinu. Það er ekki rétt. Við höfum talað fyrir 48 sóknardögum en þangað til það næst þarf að laga kerfið.” Hann segir skjóta skökku við að LS, sem hafi krafist alla um samstöðu með baráttunni fyrir 48 dögum, hafi sjálft ljáð máls á því að fækka dögum, til að miðla málu. Hann spyr hvaðan sú ákvörðun sé komin.

#### Gestrisnir Grundfirðingar

Helmingur báta á strandveiðum gerir nú út á A-svæði. Hafnir á Vesturlandi eru víða fullar af bátum og erfitt að fá pláss. Einar segir að aðstæður í Grundarfirði séu til fyrirmyndar á allan hátt, þó erfitt hafi reynt að fá leigt húsnæði. Engan skugga hafi borið á gestrisni heimamanna. Hann

bendir hins vegar á að þetta fyrirkomulag, sem ýti strandveidimönnum vestur, sé ekki hentugt fyrir A-svæði. „Það er mjög óheppilegt ef öll smábátatúgerðin ætlar að gera út á Breiðafirði, eða við Vestfirði,” segir Einar og bætir við að þéttleiki báta á miðunum sé sums staðar of mikill. Það gagnist engum.

#### Tvö þúsund lítrar af olíu

Þegar blaðamaður ræddi við Einar í upphafi strandveiditímabilsins var hann búinn að fara í þrjá róðra frá Grundarfirði. Hann náði skammtinum alla þá daga, enda töluverður fiskur á grunnslóð á þessum tíma, ólíkt því sem gerist á Raufarhöfn í maí. Hann segir að það sé eins gott að veiðin sé góð; það sé ekki ókeypis að flytja báta

á milli landshorna. Bátarnir þrír sem fóru til Grundarfjarðar hafi þannig brennt um 2.000 lítrum af olíu.


„Við eigum svo eftir að koma okkur til Reykjavíkur fljúga austur og sækja bílana okkar. Það sama tekur við þegar vertíðin er yfirstaðan,” segir Einar. Hann segir erfitt að fá húsnæði á Grundarfirði og því hafi þeir fedgar brugðið á það ráð að útvega sér hjólhýsi, sem þeir þurfi að draga vestur.

Þeir félagar höfðu reynt nokkrar hafnir áður en þeir komust að á Grundarfirði. „Kerfið beinir öllum á sama stað. Ég veit um fullt af mönnum sem væru að gera út heima frá sér ef menn fengju að róa á þeim tíma sem hentar á þeirra svæði.”

#### Fimm fyrirtæki úr 200 manna byggðarlagi

Einar bendir á að fimm litlar útgerðir skipti byggðarlag eins og Raufarhöfn miklu máli. Í fyrra hafi 17 bátar verið gerðir út til strandveiða frá Raufarhöfn en nú sé ljóst að þeim hafi fækkað um a.m.k. fimm. Hann segir að brott-hvarf fimm lítilla útgerða hafi áhrif á rekstrargrundvöll verslunar í byggðarlaginu, félagsleg áhrif og í raun á alla innviði í samfélaginu. Þetta hafi mikil áhrif á 200 manna samfélag. „Þetta er bara blóðtaka fyrir þorpið okkar,” segir hann að lokum.


## SJÓMENN – TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!



Hitaveiturör Stál



Hitaveiturör Pex flextra



Kaldavatnsrör



Ídráttarrör



Stál tengi



Inntakspéttingar



Lokar Tengir Mælur



Lokar



Pex tengi

**ÍSRÖR**

Hringhella 12  
221 Hafnarfjörður

565 1489

isror@isror.is

ISROR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ  
OKKAR INN Á ISROR.IS

# Sextíu ára afmæli Húna II fagnað

Á Akureyri verður því fagnað við upphaf sjómannaðagshelgarinnar að 60 ár eru liðin frá smíði eikarbátsins Húna II. Dagskrá sjómannaðagshelgarinnar hefst í lðnaðarsafninu á Akureyri föstudaginn 2. júní kl. 14 þar sem nýtt líkan af Húna II verður afhjúpað í tilefni afmælis bátsins en um leið verður 25 ára afmæli lðnaðarsafnsins fagnað.

## Merkilegt eikarskip

Húni II er stærsta eikarskip smíðað á Íslandi sem enn flýtur og jafnframt eini báturinn af þessari gerð sem hefur varðveist óbreyttur. Húni II var smíðaður í Skipasmíðastöð KEA á Akureyri 1962-1963 og var Tryggvi Gunnarsson, yfirsmiður stöðvarinnar og verksins.

Skipið var í fyrstu á síldveiðum en síðar á þorskanetum, trolli, humar, línu, netum og svo aftur á síld. Um 1990 lenti skipið á kvótakerfisflakki þegar tilhneiging var til að úrelða gamla báta, ekki hvað síst tréþáta og fórna þeim fyrir önnur skip. Árið 1994 keypti Þorvaldur Skaptason bátinn á Seyðisfirði fyrir 10 krónur, að því er heimildir segja. Báturinn var þá vélarlaus og beið þess að vaskir menn settu hann á áramótabrennu. Þorvaldur hraktist með bátinn á milli staða og reyndi að finna honum hlutverk. Næst lá leiðin í hvalaskoðun frá Hafnarfirði en árið 2004 var bátinum siglt til Akureyrar og þar stofnað um hann félag – Hollvínafélag Húna II. Árið 2006 keyptu ríki, bær og KEA skipið af Þorvaldi og færðu lðnaðarsafninu á Akureyri að gjöf. Gjöfinni fylgdi sú yfirlýsing að Hollvínafélag Húna II skuli taka að sér rekstur skipsins. Þannig hefur það verið síðan og er Húni II gerður út fyrir ferðamenn, skóla og einstök verkefni.

Húni II verður til sýnis í Fiskihöfninni á Akureyri á laugardeg-



■ Húni II er sannarlega fallegt skip á sjó og dýrmæt heimild um smíði og útgærð tréskipa á Íslandi.

Myndir: Þorgeir Baldursson



■ Sextíu ár eru nú liðin frá smíði eikarbátsins Húni II hjá Skipasmíðastöð KEA á Akureyri. Þetta er stærsta eikarskip sem smíðað var á Íslandi og varðveist hefur óbreytt. Líkan af Húna II verður afhjúpað í lðnaðarsafninu á Akureyri föstudaginn 2. júní.



Héðinn sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra kærar kveðjur í tilefni sjómannaðagsins

inum um sjómannahegina milli kl. 14 og 16 en mun síðan fara í þrjár siglingar á sjómannaðaginn sjálfan í boði Sjómannafélags Eyjafjarðar. Öllum er boðið í siglingarnar meðan skipsrúm leyfir.

## Heimboð trillukarla og heiðranir

Dagskrá sjómannaðagshelgarinnar á Akureyri er annars þannig að laugardaginn 3. júní kl. 10-13 bjóða trillukarlar heim í Sandgerðisbót og þar verða sjómenn heiðraðir, auk þess sem í boði verður grillmat fyrir gesti og gangandi.

Á sjómannaðaginn sjálfan hefst dagskráin að vanda með hátíðarmessu í Glerárkirkju kl. 11 og að henni lokinni verður blóm-sveigur lagður að minnismerki um druknaða og horfna sjómenn. Boðið verður upp á súpu í safnaðarheimili Glerárkirkju að athöfn lokinni.

Aðstaða Siglingaklúbbsins Nökkva verður til sýnis kl. 11-14 og eftir hópsiglingu Húna II, skemmtibáta og smábáta kl. 13:15 verða áður nefndar skemmtisiglingar í boði með Húna II, þ.e. kl. 13:15, 14:30 og 15:45. Farið verður í aukasiglingu ef þörf krefur.



HÉÐINN



**SI**  
Samtök iðnaðarins

**RITSYN**  
Trade Shows

# IÐNAÐAR- SÝNINGIN 2023 Í LAUGARDALSHÖLLINNI

31. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER

**Helstu svið sýningarinnar verða:**  
mannvirki, orka, innviðir, hönnun,  
hugverk og vistvænar lausnir.

**Nánari upplýsingar veita:**

Ólafur, framkvæmdastjóri, [olafur@ritsyn.is](mailto:olafur@ritsyn.is), 698 8150

Inga, markaðsstjóri, [inga@ritform.is](mailto:inga@ritform.is), 898 8022



**IÐNAÐAR  
SÝNINGIN  
2023**

# Sjálfbærni er grundvallarmál



■ Sveinn Margeirsson hefur í mörg horn að líta í nýju starfi hjá Brimi hf. og sér tækifærin víða.

„Það er afar spennandi að takast á við áskoranir í loftslagsmálum. Það er stefna Brims til lengri tíma að reksturinn verði kolefnishlutlaus. Það gerum við með því að draga úr losun en líka með því að nýta losunina sem best til verðmætasköpunar.“ Þetta segir Sveinn Margeirsson, sem á síðasta ári var ráðinn framkvæmdastjóri nýsköpunar og loftlagsmála hjá Brimi hf.

Hlutverk Sveins hjá fyrirtækinu er meðal annars að skapa tækifæri til verðmætisaukningar í starfsemi og nærsamfélagi Brims og leiða í framkvæmd stefnu félagsins á sviði nýsköpunar, vöruþróunar og loftslagsmála.

Sveinn, sem er með doktorspróf í iðnaðarverkfræði og hefur lokið stjórnunarnámi við Harvard Business School, viðurkennir að verkefnið sé hvoru tveggja krefjandi og spennandi. Hann leggur áherslu á að þau viðfangsefni sem hann sé ráðinn til að fást við séu ekki eins manns verk. „Ég nýt samstarfs við frábært starfsfólk Brims. Við höfum þegar mótað umhverfis- og loftslagsstefnu sem leiðarljós fyrirtækisins. Eitt af mínum hlutverkum er svo að byggja upp samstarf við háskólaumhverfið,“ segir Sveinn og nefnir sem dæmi að þrjár háskólanemar séu um þessar mundir að vinna meistaraverkefni í samstarfi við Brim, þar sem horft sé á möguleika til vöruþróunar og hagnýtingar gagna sem til verða í starfsemi Brims.

## Í þágu samfélagsins

Sveinn lítur ekki síður á markmið fyrirtækisins þegar kemur að loftslagsmálum og nýsköpun sem samfélagsleg enda hafi ákvarðanir stórra fyrirtækja á borð við Brim mikil áhrif á umhverfi sitt og samfélagið. Eitt af stóru skrefunum sem stigið hefur verið í loftslagsmálum er rafvæðing. Sveinn bendir á að komið hefur verið upp háspennutengingum fyrir ísfiskskip félagsins á Norðurgarði í Reykjavík og stefnt sé að slíkri tengingu fyrir uppsjávarskip á komandi misserum á Vopnafirði. Þau skip sem tengjast landrafmagni drepi á vélum sínum þegar til hafnar er komið. Þannig spari þau mikla olíu og dragi úr loftmengun sem annars hefði komið til. „Landtengingar eru þannig mjög hagkvæm loftlagsaðgerð,“ segir Sveinn. Hann segir hins vegar að stækka þurfi tengingarnar og í því samhengi sé samstarf við hafnaryfirvöld og veitufyrirtæki mikilvægt. Hann bindur vonir við að fljótlega verði hægt að koma upp tengingum fyrir uppsjávarskipin á Vopnafirði – en þar sé orkuþörfin mikil.

Aðspurður segir hann að raftengingarnar dragi þegar úr olíunotkun sem nemur tugum þúsunda lítra á ári. Þegar uppsjávarskipin verði landtengd hlapi þær sparnaðartölur á hundruðum þúsunda lítra á ársgrundvelli.



■ Á döfinni er að koma fyrir landtengingum fyrir uppsjávarskip Brims á Vopnafirði. Hér er uppsjávarskipið Víkingur að koma að bryggju á Vopnafirði.

## Skortur á öryggi í afhendingu rafmagns

Brim hefur náð fleiri áföngum á þessu sviði. Sveinn nefnir í því sambandi rafvæðingu fiskmjólsverksmiðju Brims á Vopnafirði. Þar hafi fyrirtækið tekið stórt skref þegar kemur að því að draga úr losun. Brim á og rekur eina fullkomnustu uppsjávartengingu í heimi að sögn Sveins. Eftir rafvæðinguna hafi verið hægt að nýta endurnýjanlega orku við framleiðslu fiskmjóls í stað olíu.

Upp hafa hins vegar komið vandamál við afhendingu rafmagnsins en eins og kunnugt er eru uppsjávartengingar og -vinnsla bæði sveiflukenndar og árstíðabundnar. Orkuþörfin sveiflast mikið á milli ára og tímabila. Fyrirtækið hefur reglulega þurft að búa við skerðingar á rafmagni, þannig að olíu hefur þurft að nota samhliða.

Sveinn segir að stjórnvöld þurfi að huga að forgangsroðun þegar kemur að sölu á

rafmagni. „Við sem samfélag þurfum að spyrja okkur hvort við eigum að nýta rafmagn til að framleiða matvæli og nýta íslenskar auðlindir og stuðla þannig að fæðuöryggi og sjálfbærri þróun – eða hvort við viljum nýta orkuna í eitthvað annað.“ Í því samhengi nefnir hann, sem dæmi, að mikið rafmagn sé selt til aðila sem sérhæfa sig í rafmyntum. Hann segir að raforkunotkun gagnaverja hafi farið úr núlli í 1.200 gígavattstundir síðastliðinn áratug. Til samanburðar noti Brim á bilinu 50 til 70 gígavattstundir af raforku á ári. „Við horfum til frekari rafvæðingar á okkar starfsemi sem eitt af stóru viðfangsefnum okkar í loftslagsmálum. Við teljum þetta mjög hagkvæmar fjárfestingar en það verður að vera skýrt að hægt sé að tryggja afhendingu rafmagns þegar á þarf að halda,“ segir Sveinn. Hann segir að fyrirtækið eigi í

## Leggja nærumhverfinu lið

Brim hf. og Akraneskaupstaður skrifuðu í apríl undir samning um framhald á starfsemi Breiðar þróunarfélags til loka árs 2026. Þróunarfélagið Breið er samvinnuverkefni Akraneskaupstaðar og Brims hf. sem hefur það markmið að byggja upp Breiðina og styðja við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á Akranesi til framtíðar. Áfram verði unnið að því að efla starfsemi Breiðar þróunarfélags sem vettvangs nýsköpunar og frumkvöðlastarfs þar sem áhersla verður m.a. lögð á rannsóknir og nýtingu auðlinda hafsins, aðgerðir gegn súrnun sjávar og aðgerðir í loftslagsmálum til að mæta markmiðum Íslands í loftslags- og umhverfismálum.

# Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga




Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

**Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi**



Þéttilistar fyrir lestarlúgur og vatnspétt skilrúm



**GÚMMÍSTEYPA  
Þ. LÁRUSSON EHF.**



**SJÓMENN – TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!**



■ Brim hefur meðal annars átt í samstarfi við Marel um að nýta gervigreind og gögn til að þróa skurðarferla við vinnslu fisks og stærðarflokka afurðir.

göðu samtali við Landsvirkjun um þessi mál og bindur vonir við að rafvæðing fyrirtækisins muni halda áfram. „Forgangsröðunin þarf að vera skýr í átt að sjálfbærri þróun. Það er grundvallarmál.“

#### Tækifæri í nýtingu í glatvarma

Annað stórt tækifæri í rekstri fyrirtækisins felst í nýtingu glatvarma. Það er sá hiti sem verður til við fiskmjólsframleiðsluna á Vopnafirði. Í því sambandi nefnir Sveinn að hugmyndir hafi komið fram um að nýta glatvarmann til húshitunar, til að leysa af hólmi rafmagnskyndingu, eða hitunar heitra potta, svo dæmi séu tekin. Einnig sé vert að skoða hugmyndir um nýtingu þessa varma til matvælaframleiðslu.

„Svona verkefni lúta að þróun samfélags og viljum við vinna þau í samstarfi við

## Sjávarútvegsfyrirtæki með stefnu í umhverfis- og lofslagsmálum

„Félagið hefur sett sér stefnu í umhverfis- og loftlagsmálum og er það fyrsta sjávarútvegsfyrirtækið hér á landi til að gera það. Þar er horft til þess að draga úr losun, kolefnahlutleysis til lengri tíma og sérstaklega að draga úr losun í hlutfalli við tekurnar sem reksturinn skilar. Félagið festi á árinu kaup á jörðinni Torfastöðum á Vopnafirði og stefnir að því að verða virkur þátttakandi í kolefnisjöfnun með skógrækt, endurheimt votlendis eða öðrum viðurkenndum aðferðum. Í þessum málaflokki er mikilvægt að hafa í huga að veigamiklir þættir eins og þróun aflvéla sem knúnar eru grænni orku eða aðgengi að raforku fyrir starfsstöðvar í fámennum byggðalögum eru háðir ytri aðstæðum. Brim einsetur sér þess vegna að vinna markvisst að þeim markmiðum sem eru í höndum félagsins og vera ávallt reiðubúið að innleiða hagfelldar umhverfislausnir þegar þær bjóðast.“

– Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims.

samfélagið. Í þessu sambandi er margt sem hægt er að sjá fyrir sér og fram undan er skoðun á því hvað heppilegast sé að gera. Þetta er stórt verkefni og langtíma-fjárfesting,” útskýrir hann.

#### Verðmæt gagnasöfnun

Varmi er ekki eina aukafurðin sem til verður við matvælaframleiðslu fyrirtækisins. Sveinn segir að mikil tækifæri felist í hagningu þeirra gagna sem til verða við reksturinn. Hann segir að Brim hafi m.a. átt í samstarfi við Hafrannsóknastofnun í því tilliti. „Við þurfum að skoða betur hvernig við getum nýtt þessi gögn til að auka þekkingu okkar á auðlindinni, veiðum, meðhöndlun afla og vinnsluáferðum,” útskýrir Sveinn.

# Gleðilega sjómanna dagshátíð!

**Brimrún**  
FURUNO

**AUÐLINDIN**



Félag  
skipstjórnar-  
manna



Skinney-Dinganes hf

**GPG**  
SEAFOOD ehf

**JAKOB VALGEIR EHF**



Vopnafjarðarhöfn



Sjómannasamband  
Íslands



Síldarvinnslan hf



ESKJA

**STÁLSMÍÐJAN  
FRAMTAK**  
EHF

**VOOT**  
www.voot.is

**RSF**

**ÆGIR**



Egersund  
Island

## Fjölbreytt verk- efni í nýsköpun- ar- og loftslags- málum hjá Brimi

Verkefni á borði framkvæmda-  
stjóra nýsköpunar og loftslagsmála  
hjá Brimi eru margvísleg og fjöl-  
breytt. Hér er nokkur þau helstu:

- » Vöruþróun,  
fullnýting hráefna  
aukin verðmæti afurða  
þróun uppsjávarafurða til mann-  
eldis
- » Rafmagnstengingar skipa í höfn
- » Nýting glatvarma í uppsjávar-  
vinnslu félagsins í samvinnu við  
nærnsamfélag
- » Kolefnisbinding með skógrækt
- » Nýting gagna og upplýsinga til að  
stuðla að betri nýtingu aðfanga og  
auðlinda
- » Samstarf við háskóla, Mátis, Hafró  
og Fiskistofu
- » Samstarf við nærnsamfélög í  
Reykjavík, Akranesi og á Vopnafirði

Hann segir að öll virðisdeðjan sé undir.  
„Við höfum tekið stór skref í þessum mála-  
flokki þegar kemur að umhverfisstjórnun.  
Við erum að nýta til reksturs fyrirtækisins  
gögn er varðar olíunotkun, úrgang, úr-  
gangsflokkun og rafmagnsnotkun, svo  
dæmi séu tekin. Við vitum í dag framlegð  
mismunandi vinnsluleiða og annað slíkt,  
vegna þeirra gagna sem við höfum aflað.  
Við höfum líka átt samtöl við sjómenn um  
meðferð afla og hvaða leiðir eru möguleg-



■ Þróun uppsjávarveiða til manneldis er á meðal verkefna Brims.

ar til framfara í þeim efnunum. Við höfum  
rætt við vélstjóra og skipstjóra um leiðir til  
að draga úr olíunotkun við veiðar, sem  
byggir að hluta til á greiningu okkar á  
gögnunum um olíunotkun. Þarna eru mörg  
tækifæri til framfara,” segir Sveinn.

Gervigreind hefur verið að ryðja sér til  
rúms á undanförunum árum. Sveinn segir  
að nokkuð sé síðan sjávarútvegsfyrirtæki  
fóru í raun að hagnýta gervigreind með  
ýmsum hætti í rekstri sínum. Þannig megi  
nefna að í samstarfi við Marel hafi Brim  
nýtt gervigreind og hagnýtingu gagna til að  
þróa skurðarferla við vinnslu fisks og  
stærðarflokka afurðir. „Við sjáum mögu-  
leika í því að hagnýta okkur stór gagnasöfn  
sem til verða við starfsemi okkar. Við viljum  
til dæmis nýta þessar upplýsingar, sam-  
hliða gögnum frá Hafró, til að auka þekk-

ingu okkar Íslendinga á auðlindinni,” út-  
skýrir Sveinn. Hann tekur þó fram að inn-  
leiðing gervigreindar snúist ekki um að  
leysa starfsfólk af hólmi. Markmiðin snúist  
um að hámarka nýtingu á orku og hráefni.  
„Öll gagnagreining sem gervigreind getur  
hjálpað okkur við er gerð til að aðstoða  
okkar starfsfólk og auka þannig verðgildi  
starfanna.”

### Sjávarútvegur í fararbroddi í nýsköpun

Vöruþróun og nýting afurða er Sveini hug-  
leikin enda hefur hann í fyrri störfum helg-  
að krafta sína störfum sem sjálfstæður  
ráðgjafi á sviði nýsköpunar og stefnumót-  
unar, einkum tengt sjávarútvegi og land-  
búnaði. Hann gegndi starfi forstjóra, sviðs-  
stjóra og deildarstjóra hjá Mátis en þar er  
unnið að nýsköpun og verðmætaaukningu í

matvælaíðnaði. Sveinn bendir á að sjávar-  
útvegur hafi verið í fararbroddi varðandi ný-  
sköpun og nýtingu á hráefnum um árabil.  
„Við erum að búa til meira af matvællum og  
verðmætum en aðrir, úr sama magni hrá-  
efna. Í dag erum við að vinna ferskar afurðir  
úr stærstum hluta þorsksins. Við höfum  
vandað til verka auk þess sem meðhöndlun  
aflans og gæði hráefnisins eru orðin meiri.”

Hann segir að Brim hafi átt í góðu sam-  
starfi við Vólku, Marel og fleiri fyrirtæki  
með það að markmiði að minnka orku-  
notkun við veiðar, auka sjálfvirkni í vinnslu  
og þróa umbúðir, svo dæmi séu tekin. „Það  
eru enn miklir möguleikar til vöruþróunar í  
sjávarútvegi, t.d. í uppsjávartegundunum  
okkar. Hvenær munu Íslendingar til dæmis  
læra að borða frysta loðnu?” spyr hann og  
nefnir að í mótuneyti Brims á Norðurgarði  
sé að störfum frábær kokkur sem hafi ver-  
ið að leika sér með matreiðslu úr slíkum hrá-  
efni og hafi Konur í sjávarútvegi t.d. nýlega  
fengið að gæða sér á slíkum kræsingum í  
heimsókn hjá Brimi. „Það skiptir máli að  
vöruþróunin haldi áfram,” segir hann.

### Metnaðarfull skýrslugerð

Viðleitni fyrirtækisins til framfara á þeim  
sviðum sem hér að framan eru rakin birtast  
með skýrum hætti í metnaðarfullri árs- og  
sjálfbærnisráðslu félagsins. Sveinn bendir á  
að til fyrirtækis á borð við Brim séu gerðar  
miklar kröfur þegar kemur að skýrslugerð  
um reksturinn. Fyrirtækið þurfi að standast  
staðla og evrópskar reglugerðir þar að lút-  
andi. Þar má nefna innleiðingu staðla á  
borð við CSRD og ESRS sem skylda tugþús-  
undir evrópskra fyrirtækja til að skila ítar-  
legum sjálfbærnisráðslum með árlegu upp-  
gjöri. Sveinn segir að Brim hafi undanfarin  
ár lagt metnað í þessa vinnu – og gefið út  
sjálfbærnisráðslu árlega frá árinu 2017. „Við  
höfum verið að vinna hörðum höndum að  
því að ná utan um þau umhverfis- og sam-  
félagsáhrif sem hljótast af starfsemi okk-  
ar,” segir Sveinn að lokum.

Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum  
og fjölskyldum þeirra til hamingju  
með sjómannadaginn



## Frumkvöðlar í skipahönnun

**NAUTIC**

Kringlan 4-12, Turn 6. hæð  
103 Reykjavík  
Sími 5 400 515  
nautic@nautic.is  
nautic.is

# „Fegurstu skip sem siglt hafa um íslenska lögsögu“

segir Sigfús Ólafur Helgason sem staðið hefur fyrir fjársöfnun til smíði líkans af Stellunum sem komu til Útgerðarfélagi Akureyringa fyrir hálfri öld

„Ég ræð mér varla fyrir kæti. Það má segja að ævintýri sé líkast hversu vel hefur gengið,“ segir Sigfús Ólafur Helgason safnstjóri hjá Iðnaðarsafninu á Akureyri. Hann fékk þá hugmynd að hefja söfnun til að fjármagna smíði á líkani af skipum sem í eina tíð voru í eigu Útgerðarfélagi Akureyringa og gengu gjarnan undir nafninu Stellurnar. Viðtökur fóru fram úr björtustu vonum og er söfnun langt komin. Skrifað var undir samning við Elvar Þór Antonsson, líkanasmið á Dalvík, þann 17. maí síðastliðinn en sá dagur markar ákveðin tímamót í útgerðarsögu Akureyringa. Þann dag árið 1947 sigldi skipið Kaldbakur EA í fyrsta sinn inn Eyjafjörð til Akureyrar, fyrsti togarinn í sögu ÚA. Líkanið af Stellunum verður afhent og afhjúpað við afhöfn 1. nóvember næstkomandi þegar 50 ár verða liðið frá því skipin komu fyrst til heimahafnar á Akureyri.

Sigfús segir að hann hafi fengið hugmyndina 8. mars síðastliðinn og nefnt hana við tvo félagi sína, sem heldur betur voru til í að hrinda henni í framkvæmd með honum. Verkefnið fór því af stað, stofnuð var síða á Facebook og inn á hana komu m.a. gamlir skipverjar og fleiri velunnarar. Byrjað var að safna og smám saman bættist inn á reikninginn.

„Það er skemmst frá því að segja að okkur er að takast ætíunarkerkið á mjög góðum tíma og sjáum nú fram á að draumur okkar verði að veruleika,“ segir Sigfús Ólafur. Safna þarf tveimur milljónum króna og sér brátt fyrir endann á því, enda margir sem lagt hafa í púkkið.

## Skar í hjartað að sjá Svalbak í niðurrífi

Hann segir að kveikjan að þessu verkefni sé sú að hann sá að verið var að farga öðru skipinu, Svalbak, úti í Indlandi. „Ég sá fréttir þar sem skipið lá upp í fjöru í Indlandi og beið þess að verða rífið niður. Það skar í hjartað, minningarnar helltust yfir og mér fannst einhvern vegin að við yrðum að varðveita þessa sögu sem skipin áttu hér við Eyjafjörð,“ segir Sigfús. Hann er hæst ánægður með að tekist hafi að fá Elvar Þór til verksins en hann er um þessar



■ Sigfús Ólafur Helgason, safnstjóri á Iðnaðarsafninu á Akureyri hefur miklar taugar til gömlu ÚA togaranna enda var hann í afhöfn bæði Svalbaks og Sléttbaks á sínum tíma. Nú verður draumur hans að veruleika um að gert verði líkan af þessum merku skipum.



■ Stellurnar komu til Akureyrar frá Færeyjum fyrir réttum 50 árum og fengu nöfnin Svalbakur og Sléttbakur hjá Útgerðarfélagi Akureyringa. Stellunafnið hvarf þó aldrei en ástæðan er að skipin báru nöfnin Stella Kristína og Stella Karína hjá útgerðinni í Færeyjum sem seldi ÚA skipin.

mundir að ljúka smíði á líkani af eikarbátinum Húna II sem afhent verður nú í kringum sjómanna-



■ Tveir af gömlu ÚA togurum, Kaldbakur og Hárðbakur, komu frá Spáni á sínum tíma og nú er í bígerð að smíða líkan af Spánverjunum, líkt og af Stellunum.

daginn. Um þessar mundir eru 60 ár liðin frá því sá bátur var smíðaður hjá Skipasmíðastöð KEA á Akureyri og tekinn í notkun.

Stellurnar voru smíðaðar í Noregi árin 1968 og 1969 og voru fyrstu árin gerðar út frá Færeyjum. Þaðan komu þær til Útgerðarfélagi Akureyringa haustið 1973. Um var að ræða systurskip, sem hétu í Færeyjum, Stella Kristína og Stella Karína. Gengu skipin lengi undir gælunafninu Stellurnar en við komu í heima höfn á Akureyri fengu þau nöfnin Svalbakur og Sléttbakur.

„Þetta voru einstaklega fallæg skip, að mínu mati þau fegurstu sem siglt hafa um íslenska lögsögu og ég veit að fleiri deila

**FROST**

ÞEKKING, REYNSLA OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Kælismiðjan Frost er traustur þjónustuaðili á sviði kæli- og frystilausna. Við vinnum af fagmennsku og áreiðanleika með okkar viðskiptavinum, og leggjum áherslu á grænar lausnir, öryggi og orkusparnað.

Kælismiðjan Frost ehf. S: +354 464 9400 | frost@frost.is | www.frost.is





# Ferskleiki fisksins skiptir öllu máli

Fiskikassarnir frá Tempru eru hannaðir út frá vísindalegum rannsóknum með það að markmiði að viðhalda ferskleika fisksins lengur en sambærilegar umbúðir.

Temprukassarnir sjá til þess að íslenskur fiskur kemst ferskur á borð neytenda um allan heim.

  
**TEMPRA**  
 einangrun - umbúðir



■ Sigfús Ólafur og Elvar Antonsson undirrituðu á dögunum samning um smíði Elvars á líkani af Stellunum. Það verður afhjúpað með viðhöfn þann 1. nóvember næstkomandi þegar hálf öld verður upp á dag frá komu skipanna til Akureyrar.



■ Trollið á leið upp í skutrennuna á Svalbak.

þeirri skoðun með mér," segir Sigfús Ólafur sem sjálfur var skipverji á bæði Sléttbak og Svalbak á árunum 1982 til 1986.

Alls eru um 300 manns í Facebook hópnum og þar af nokkrir tugir Færeyinga, skipverjar á annarri hvorri Stellunni á sínum tíma. „Við deilum sögum og myndum og höfum gaman af. Það er virkilega skemmtilega að hafa Færeyingana með, þetta er góður félagsskapur og gefandi að spjalla við fyrrverandi og skipverja á þessum skipum," segir hann. Annað skipið var selt frá Akureyri en hitt áfram gert út þaðan undir öðrum

nöfnum, m.a. hét það Snæfell um tíma og einnig Akureyrin. Skipið var í heild gert út frá Akureyri í eina þrjá áratugi.

#### Skipin voru mikil happafley

„Skipin voru mikil happafley, fengsæl og reksturinn einstaklega farsæll alla tíð. Ég á mjög góðar minningar þau ár sem ég var háseti um borð í þeim báðum. Það fiskaðist nánast alltaf vel, yfirmenn um borð voru einstakir, starfi sínu vel vaxnir og í landi voru líka góðir stjórnendur. Þannig má segja að vel hafi verið farið með mann þessi ár um borð,

aðbúnaður var eins og best var á kosið miðað við þess tíma mælikvarða. Þeir Gísli Konráðsson og Vilhelm Þorsteinsson sem sátu við stjórnvölinn hjá ÚA í landi voru einstakir, alveg frábærir yfirmenn og það var í raun ekki annað hægt en að láta sér líða vel hjá félaginu. Ég get eflaust talað fyrir hönd flestra þeirra sem sigldu hjá félaginu á þessum tíma að þetta voru mjög góð og eftirminnleg ár. Það báru allir virðingu fyrir þeim og hlýju," segir Sigfús.

Hann segir virkilega gaman að standa í þessu verkefni, allir séu boðnir og búnir að leggja

lód á vogarskálar en sem dæmi hafi smiðurinn leitað til norsku skipasmiðastöðvarinnar í leit að teikningum og fengið heldur betur góðar móttökur. „Við fengum teikningarnar gefins, það er lýsandi fyrir þá jákvæðni og velvilja sem mér finnst einkenna þetta skemmtilega verkefni," segir Sigfús Ólafur.

#### Stefna á Spánverjana næst

Þessi mikli meðbyr með verkefniinu varð til þess að öðru af svipuðum toga var einnig varpað upp, smíði líkans af skipum sem á sinni tíð gengu undir nafninu Spán-

verjarnir. Þau skip voru smíðuð á Spáni og fengu nöfnin Kaldbakur og Harðbakur við komu til Útgerðarfélag Akureyringa hf. á árunum 1974 og 1975. Nefnir Sigfús að 19. desember 2024 verði liðin 50 ár frá því ÚA fékk Spánverjana afhenta. „Við viljum einnig minnst þessara tímamóta og stefnum að því að ná að safna því fé sem þarf svo hægt verði að hefja smíði á líkani af Kaldbak/Harðbak sem yrði þá tilbúið skömmu fyrir þessi tímamót," segir hann.

**MARÁS**


**FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.**

**SIMRAD**



Ratsjár

**Olex**



Þrívíddarplotter

**REINTJES**  
POWER TRAIN SOLUTIONS



Niðurfærslugirar

**KOHLER**  
IN POWER. SINCE 1920.



Rafstöðvar og ljósavélar

Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegan sjómannadag.

**YANMAR**



Aðalvélar og hjálparvélar

**IBERCISA**  
DIESEL MACHINERY



Rafmagns togvindur

**SIMRAD**



Sjálfstýringar

**SAILOR**  
COMMUNICATIONS



Fjarskiptatæki

Marás ehf  
Miðhrauni 13 - Garðabæ  
S: 555 6444  
postur@maras.is - www.maras.is

Fríðrik A. Jónsson ehf  
Miðhrauni 13 - Garðabæ  
S: 552 2111  
faj@faj.is - www.faj.is




**3M** | PELTOR™

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

## TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífin útilokar allan umhverfishávaða.





■ Páll Kristjánsson, framkvæmdastjóri Slippsins Akureyri ehf.

# Slippurinn Akureyri sækir fram á fleiri þjónustusviðum

„Slippurinn Akureyri er þekktur fyrir sína fjölbreyttu og afbragðs góðu þjónustu við fiskiskipaflotann í Norður-Atlantshafi. Undanfarin ár hefur fyrirtækið unnið ótulllega að því að útvíkka þjónustu sína við fleiri atvinnugreinar, svo

sem með smíði fiskvinnslubúnaðar, þjónustu við fiskeldi og aðrar greinar. Á þann hátt erum við markvisst að fjölga stoðum undir rekstrinum. Fiskiskípum hefur farið fækkandi undanfarin ár á Íslandi og í okkar rekstri kemur það

fram í því að herra hlutfall tekna kemur úr öðrum þáttum en beinni slippþjónustu. Þjónustustig Slippsins hefur verið aukið með auknu vöruframboði vinnslubúnaðar sem og að hér fá útgerðar aðilar heildarþjónustu, nýsmíði

vinnslubúnaðar og niðursetningu auk hefðbundinnar slippþjónustu. Skipaþjónustan er og verður áfram okkar stærsta þjónustusvið enda höfum við mikla sérþekkingu í skipaþjónustu hjá okkar starfsfólki og höfum virkilega

góða aðstöðu og tækjabúnað til að þjónusta skip,” segir Páll Kristjánsson, framkvæmdastjóri Slippsins Akureyri ehf.

Í dag eru starfsmenn Slippsins Akureyri ehf. um 150 talsins á ársgrundvelli en Páll segir að á háðönn skipaþjónustunnar, sem nú fer í hönd, fjölgi starfsmönnum í um 190.

„Sumartíminn er annasamur í skipaþjónustunni og hjá okkur er mikið bókað í sumar og fram eftir hausti. Verkefni hafa líka verið að bókast á næsta ári þannig að almennt má segja verkefnastaðan á næstunni sé góð,” segir Páll.

#### Ný tækifæri með starfsstöð í Grindavík

Um mitt ár 2022 keypti Slippurinn Akureyri húsnæði, framleiðslubúnað og hluta hönnunar Martaks í Grindavík sem framleitt hefur fiskvinnslubúnað um árabil. Hluti starfsmannahóps Martaks færðist með þessu yfir til Slippsins Akureyri og áfram er unnið af fullum krafti í framleiðslu búnaðar í Grindavík.

„Með kaupunum vorum við að sækja okkur þekkingu og framleiðsluástöðu fyrir vörulínu sem er þekkt vara á markaði. Með staðsetningu nýju starfsstöðvarinnar í Grindavík erum við líka í góðri stöðu til að þjónusta ört vaxandi landeldi á Reykjanesi. Þessu til viðbótar sjáum við tækifæri í því að auka skipaþjónustu okkar á svæðinu með tilkomu starfsstöðvarinnar í Grindavík,” segir Páll en smíði vinnslubúnaðar Slippsins er nú bæði á Akureyri og í Grindavík, sem og hönnun.

„Á Akureyri erum við síðan með starfsmenn í stýringum,

## Sjómenn – til hamingju með daginn!

### Hágæða vörur fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í yfir 30 ár




#### SJÓMENN – TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

HNÍFALOKAR · RENNILOKAR · SPJALDLOKAR · KEILULOKAR · SÍÐULOKAR  
BOTNLOKAR · EINSTEFNULOKAR · KÚLULOKAR · SÍUR · RENNSLISMÆLAR

**VK** vörukaup

Metnaður og þjónusta í þína þágu

LAMBHAGAVEGI 5 · 113 REYKJAVÍK · SÍMI 516-2600 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is



■ Hönnun og smíði vinnslubúnaðar fyrir skip og landvinnslur er vaxandi þáttur fyrirtækisins.



■ Slippurinn Akureyri býr að góðum upptökumannvirkjum fyrir skipaþjónustu. Hér er uppsjávarskipið Huginn VE í þurrkvíni á dögnum.

Mynd: Þorgeir Baldursson

hugbúnaði og rafmagnshönnun. Það er til marks um þá þróun sem orðið hefur á skömmum tíma hjá okkur að fyrir tæpum tveimur árum var enginn starfsmaður í hugbúnaði og stýringum en í dag eru erum við með alls níu starfsmenn í slíkum verkefnum, bæði fastráðna starfsmenn og verk-taka héraðs og erlendis. Þetta segir talsverða sögu um þróunina í starfsemi þess að undanförunu," segir Páll.

#### Horfa til útflutningsmöguleika

Slippurinn Akureyri horfir til tækifæra í hönnun og framleiðslu á fiskvinnslubúnaði fyrir innland og erlendan markað en fyrirtækið kynnti m.a. þjónustu sína á sjávarútvegssýningunni í Barcelona í apríl. Páll segir tækifæri í útflutningi búnaðar á þessu sviði og það sama á við í ýmis konar skipaverkefni fyrir erlendar útgerðir. Í fyrra lauk Slippurinn Akureyri smíði og uppsetningu vinnslu-kerfa í tvo franska togara og núna er unnið á Akureyri að stóru við-halds- og breytingaverkefni fyrir kanadíska útgerð.

„Við sjáum að líkt og hér heima eru útgerðir og vinnslur erlendis farnar að sjá tækifærin sem felast í auknum gæðum hráefnis og við getum boðið þessum við-skíptavinum lausnir til að ná því markmiði, allt frá heildarhönnun og smíði vinnslu-kerfa yfir í einstaka hluta vinnslu-kerfa," segir Páll.

#### Brýnt að efla menntun á málm-tækni sviðinu

Páll segir mikla samkeppni um starfsfólk í málm-tækni greinum og þörf sé fyrir eflingu náms á þessum sviðum. Brýnt sé að fleira ungt fólk velji að hefja nám í málm-smíði og málm-tækni.

„Samkeppni um vinnuaflið er mikil á okkar sviðum og við finnum til þess að áhersla hefur ekki verið mikil í menntakerfinu á málmgreinar á undanförunum árum. Þess vegna höfum við beitt okkur fyrir því að efla nám í málmgreinum. Sömuleiðis höfum við haft frumkvæði að því í samstarfi við Háskólann á Akureyri og fjölda fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana á Norðurlandi að komið verði á fót tækni-ræðinami við Háskólann á Akureyri. Það er fagnaðarefni að sú braut verður að veruleika í Háskólann á Akureyri í haust og þetta er skref sem ég tel mjög mikilvægt atvinnulíf-inu hér á Norðurlandi og okkar starfsemi um leið," segir Páll.

slipp.is

# BEITIR EHF

## HÖNNUN - SÉRSMÍÐI - LAUSNIR EINGÖNGU SMÍÐAÐ Í RYÐFRÍTT STÁL.

Beitir ehf. hefur þjónustað  
bátaflotann og fiskvinnslur  
í 35 ár.



**Sjómenn**  
– til hamingju  
með daginn!

ÞJÓNUSTA Í SÉRFLOKKI

■ Jónsvör 3,  
■ 190, Vogar, Iceland,  
■ Tel.: (+354) 424 6650,  
■ Fax.: (+354) 884 2845,  
■ E-mail: [beitir@beitir.is](mailto:beitir@beitir.is),  
■ Website: [www.beitir.is](http://www.beitir.is)

Hafið samband  
424 6650

# Aukin þjónusta og nýr meðeigandi

MD Vélar ehf. hefur verið starfandi í 33 ár og var stofnað af Hjalta Erni Sigfússyni. Hjalti var lengi vel eini eigandi fyrirtækisins en árið 2019 kom Kári Jónsson inn sem meðeigandi. Í ár urðu enn breytingar þegar Haraldur Þór Sveinbjörnsson bættist í eigendahópinn og með honum kom Auðun Gilsson inn sem starfsmaður á vélaverkstæði. „Haraldur og Auðun hafa starfað hjá Vélavíðgerðum ehf. um árabíl við að þjónusta skip og fleira og hafa því mikla reynslu og þekkingu. Með þessu styrkir MD Vélar enn stöðu sína og getur fyrirtækið tekið við fleiri verkefnum og boðið viðskiptavinum sínum enn betri þjónustu,“ segir Kári Jónsson.

## Þarfir viðskiptavina alltaf í fyrsta sæti

MD hefur verið umboðsaðili fyrir Mitsubishi Diesel vélar frá upphafi og leggur fyrirtækið mikinn metnað í að veita viðskiptavinum sínum bestu ráðgjöf og þjónustu þegar kemur að sölu vélbúnaðar, varahluta og þjónustu. Við sölu á vélbúnaði fær viðskiptavinurinn einnig alla þá þjónustu sem þörf er á. MD Vélar er með breiðan birgjahóp, vel búð verkstæði og reynda starfsmenn, alla menntaða í vélvirkjun. Þeir fara þangað



■ Aðalvélín í togskipinu Þóri SF-77 er Mitsubishi frá MD Vélum og hefur reynst hið besta.

sem þörf er á til að sinna viðhaldi og viðgerðum.

„Þessi þjónusta við viðskiptavinum sést alls ekki hjá öllum fyrirtækjum en MD Vélar vill að viðskiptavinurinn sé ánægður með kaupin en því miður sjáum við það of oft að vélbúnaður er seld-

ur til viðskiptavina án þess að kaupandi eigi greiðan aðgang að varahlutum og annarri nauðsynlegri þjónustu. Hér hjá MD Vélum er boðið upp á einstaka þjónustu, hágæða vörur, mikla reynslu, tækniráðgjöf, þjónustu, neyðarþjónustu allan sólarhringinn og

stóran varahlutalager ásamt því að fyrirtækið er með eigið verkstæði til að tryggja viðskiptavinunum rekstraröryggi. Þarfir viðskiptavina MD Véla eru alltaf í fyrsta sæti,“ segir Kári.

## Breitt þjónustusvið

Mitsubishi hefur verið aðal merki fyrirtækisins frá upphafi. Mitsubishi býður upp á breitt úrval aðal- og ljósavéla sem framleiddar eru eftir háum stöðlum og ströngustu kröfum allra helstu flokkunarfélaga. Einnig bjóðast



*Við óskum sjómönnum og landsmönnum öllum til hamingju með daginn!*





■ Hjalte Sigfússon, stofnandi fyrirtækisins, við vinnu sína á verkstæðinu.



■ Með fjölgun starfsmanna eflist þjónusta MD Véla enn frekar.

nær allar skipavélar yfir 130 kW með IMO Tier II, flestar með IMO Tier III.

„Auk Mitsubishi erum við með stórt birgjanet og seljum einnig túrbínur, rafala, kæla, gíra, skrúfubúnað og þenslutengi bæði til sjós og lands. Einnig sérhæfum við að okkur í viðhaldi á afgangstúrbínum, heddum, spíssum, gangráðum, dælum o.fl. í flestar gerðir díeselvéla. Verkstæðið er mjög vel tækjum búið þar á meðal tveir tólustýrðir ballanseringarbekkir sem taka rotora frá 2 kg upp í 160 kg, stórt ultrasonic þvottatæki, slípivél til endurvinnslu á ventlum og Nuwen cnc-stýrðaheddavél til endurvinnslu á ventilsætum,” segir Kári.

Fyrirtækið hefur ætíð valið birgja þar sem gæði og góð þjónusta eru í fyrirrúmi. Markaðurinn fyrir varaafli hefur vaxið hratt og þjóða MD Vélar hágæða vöru og þjónustu og leitar fyrirtækið eftir samráði við sérfræðinga hjá birgjum og býður uppsettar og frágengnar varaafllstöðvar eftir óskum kaupenda. Sem dæmi um þær lausnir eru t.d. stöðvar á ramma, í hljóðeinangruðum kassa eða í gámi. Nú þegar eru Mitsubishi vélar víða um land sem t.d. varaafli á sjúkrahúsum, í gagnaverum, á flugvöllum og hjá raforkufyrirtækjum.

Einnig hefur fyrirtækið sérhæft sig í gæða þenslutengjum fyrir flestar aðstæður, háhraða tengi. Ef þörf er á sérsniðnum lausnum þá munu sérfræðingar vinna í samstarfi við viðskiptavininn til að finna það eina rétta. Standard gúmmítengi eru á lager en einnig er hægt að sérpanta gúmmí-, stál- og veftengi. „Það þarf að horfa til margra þátta þegar þenslutengi eru valin og það er mikilvægt að velja rétt tengi til að tryggja rekstraröryggi og fyrirbyggja tjón. Þessa þjónustu er hægt að fá hjá okkur. Þekking, reynsla, þjónusta og ráðgjöf er okkar einkunnarorð,” segir Kári að lokum.

mdvelar.is

## Til hamingju með daginn!

Sjómannafélag Eyjafjarðar óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



Sjómannafélag Eyjafjarðar  
www.sjoey.is



# Sjóarinn er síkátur í Grindavík!

Grindvíkingar láta ekki deigan síga í hátíðarhöldum um sjómanna dagshelgina og þar er að vanda hátíðin **Sjóarinn síkátur**. Hún hefst upp úr hádegi á föstudag og má segja að dagskráin sé samfelld allt fram á seinnipart sunnudags. Höfðað er til fólks á öllum aldri í fjölbreyttri dagskránni og útilokað annað en allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Froðurennibraut verður sett upp í brekkunni ofan slökkvi-stöðvarinnar kl. 14 á föstudaginn og verður opin til 18:30 en þá tekur við fiskisúpukvöld Nettó við íþróttahúsið þar sem fiskisúpa verður í boði meðan birgðir endast. Hin árvissa litaskrúðganga verður svo gengin frá íþróttahúsinu kl. 19 að Húllinu, sem er hátíðarsvæðið neðan við kvíkuna.

Þar hefjast í beinu framhaldi bryggjutónleikar í boði Grindavíkurbæjar, sannkallaðir stórtónleikar þar sem fram koma Vinir Ragga Bjarna, KK, Klara Elías, Daniil og hljómsveitin Flott. Þegar tónleikunum lýkur tekur Magnúar Kjartan Eyjólfsson við keflinu á Sjómannastofunni Vör og skemmtir frá kl. 22 og frá sama tíma verður sjómannaþaty með

## Sjómenn – til hamingju með daginn!

### VESO

**Veso á Íslandi.**

Við erum dótturfyrirtæki norska fyrirtækisins Veso AS sem þekkt er hjá fiskeldismönnum af góðu einu.

Við sérhæfum okkur í smitvörnum, dýraheilbrigði, þrífum og sótthreinsun í fiskeldi, matvæla-vinnslum og landbúnaði.

Hreinsi- og sótthreinsiefni frá Cid lines ásamt ýmsum öðrum efnavörum.

**CID LINES**  
An Ecotab Company

Þvottaefni fyrir iðnaðarþvottahús, efnalaugar og matvælaframleiðslu frá þýska fyrirtækinu Seitz.

**SEITZ**

VESO · Selhella 6, Hafnarfjörður · Sími: 839-3100 · veso@veso.is · www.veso.is



■ Öll fjölskyldan skemmtir sér í Grindavík.





■ Litagleðin er mikil í Grindavík en litaskrúðganga er einn af fóstum liðum hátíðarnar.

Ingó og félögum í Gígnum á Fish-house.

#### Alvöru sjómannaþing í lok laugardagsins

Á laugardaginn kl. 11:30 verður í boði skemmtisigling fyrir alla fjölskylduna frá Miðgarði. Andlitsmálun verður fyrir börn í Kvíkunni og tívolí á hafnarsvæðinu milli kl. 13 og 17. Sjópylsa verður kl. 14 í Grindavíkurbörn fyrir börn og of-urhuga.

Milli kl. 14 og 16 verður vegleg skemmtidagsskrá á hátíðarsviðinu í Húllinu. Þar verða bestu lög barnanna, Gunni og Felix, Team Danskompání, dregið í hurðaleiknum og BMX brós.

Síðdegis verður m.a. krakka-keysla bifhjólaklúbbsins Grindjána og á veitingahúsinu Bryggjunni syngja Vísis-systkinin gömlu góðu sjómannaöldgin.

Botninn verður svo sleginn í hátíð laugardagsins með alvöru sjómannaþingi í Íþróttahúsinu þar sem fram koma Friðrik Dór, Jón Jónsson, Daniil og Herra Hnetusmjör.

#### Hátíðardagsskrá, heiðranir og Kári Stefánsson

Grindvíkar taka daginn snemma á sjómannaþinginn og draga fána að húni kl. 8. Golfmót Sjóarans síkátta hefst kl. 10 og kl. 12:30 verður sjómannaþingssessa í Grindavíkirkirkju þar sem Gissur Páll Gissurarson syngur einsöng. Ræðumaður verður Einar Hannes Harðarson Að messu lokinni verður gengið að minnisvarðanum Von og lagður blómsvegur til minningar um druknaða sjómenn.

Tívolí verður á hafnarsvæðinu, veltibíll, andlitsmálun og lifandi sjávardýr í fiskabúrum. Hátíðardagsskrá verður á sviðinu í Húllinu milli kl. 14 og 17 þar sem Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar flytur hátíðarræðu. Sjómenn verða heiðraðir og fram koma Grindavíkurdætur, skemmtun verður frá Latabæ og nýsmíðaður áttæringur afhentur.

Á sama tíma, eða kl. 14:30, verða Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson með söngskemmtun í Víðihlíð fyrir íbúa heimilisins og gesti þeirra. Að henni lokinni verða kaffiveitingar.

[grindavik.is/sjoarinnssikati](http://grindavik.is/sjoarinnssikati)



APÓTEK  
VESTURLANDS



Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannaþinginn

Öll þjónusta við  
**skip og báta**  
- með lyf og sjúkravörur

# Gleðilega sjómannaþingaráttíð!

**AGS fiskmarkaður**  
Grímsey

 **Hafnir Múlabings**

**Hvalur hf.**  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður

**FISKMARKAÐUR**  
SNÆFELLSBÆJAR

 **Háskólinn á Akureyri**  
University of Akureyri

**ÆGIR**

**NAUTIC**

 **VESO**



HAFNARFJARÐARHÖFN

**ALVAR**



GRINDAVÍKURHÖFN



DALVÍKURBYGGÐ

**HYDROSCAND**  
SLÖNGUR OG TENGIBUNADUR

 **málning**  
- það segir sig sjálft -

 **FISKMARKAÐUR ÍSLANDS**

**GA**  
SMÍÐAJÁRN  
GUÐMUNDUR ARASON EHF.

 **EIÐARFÆRA ÞJÓNUSTAN**  
ehf



HAFNIR  
ÍSAFJARÐARBÆJAR

 **SEGULL**

**SÓNAR**  
HEILDARLAUSN  
Í SIGLINGATÆKJUM



Sandgerðishöfn

 **VÉLAR OG SKIP**

 **Vestmannaeyjahöfn**

**FMS**

Fiskmarkaður Suðurnesja hf  
[www.fms.is](http://www.fms.is)

**SKIPARADIÓ**  
MARINE ELECTRONIC SERVICE

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum **VSV**

 **ÞORBJÖRN**  
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

**SEL**  
Set ehf • Röraframleiðsla



ÁRAKLÓ

 **Slippurinn**  
AKUREYRI

**RITSYN**  
Trade Shows

 **ÖLFUS**  
[olfus@olfus.is](mailto:olfus@olfus.is)  
[thorlakhofn.is](http://thorlakhofn.is)

**FISK KAUP HF**



GRUNDFJARÐARHÖFN

**RITFORM**



Sjömannshag Eignafélag

ER  
 EINHVER NÁLEGUR AÐ  
 HLUSTA Á ÞIG?

**Sjómenn**  
 – til hamingju með daginn!

**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.  
 Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



SAMGÖNGU- OG  
 SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ  
 Siglingaród

Samgöngustofa 



■ Bæjarbúar fylgjast með dagskránni við Tjarnarborg.

# Þriggja daga hátíð í Fjallabyggð

Mikið er jafnan um dýrðir í Ólafsfirði um sjómannadagshelgina og enn frekar í ár þegar fagnað er 40 ára afmæli Sjómannafélags Ólafsfjarðar. Af því tilefni gefur félagið út ríflega 200 síðna afmælisbók sem dreift verður til allra heimila í Ólafsfirði að kvöldi föstudagsins 2. júní. Atli Rúnar Halldórsson er höfundur bókarinnar og hafði umsjón með útgáfunni. Sjómannafélag Ólafsfjarðar hefur veg og vanda að dagskrá helgarinnar sem fyrr og nýtur í því verkefni stuðnings fjölda fyrirtækja í heimabyggð og víðar.

## Fiskidagur á Siglufirði, uppistand og Föstudagslöggin í Tjarnarborg

Eiginleg dagskrá sjómannadagshelgarinnar í Fjallabyggð hefst föstudaginn 2. júní með fiskidegi við brugghús Seguls 67 á Siglufirði en þar verður hægt að fá Fish&Chips frá Fiskbúð Fjallabyggðar og iskaldan Segul 67, auk þess sem skemmtiatriði verða fyrir börnin. Á föstudeginum kl. 16 verður leirdúfuskotmót sjómanna á svæði Skotfélags Ólafsfjarðar og kl. 20 verður uppistandssýn-



■ Keppni í trukkadrætti er meðal fastra dagskrárliða í dagskrá hátíðarhaldanna í Ólafsfirði.

ingin Best of Sóli Hólm í Tjarnarborg í Ólafsfirði. Að þeirri sýningu lokinni verða Föstudagslöggin með Sverri Bergmann, Halldóri Gunnari og Audda Blö í Tjarnarborg.

## Dorgveiðikeppni, kappróður og trukkadráttur

Dagskrá laugardagsins verður mjög þétt. Hún hefst með dorgveiðikeppni fyrir börnin við Ólafsfjarðarhöfn kl. 10 og kl. 12:30

verður kappróður sjómanna. Þar á eftir verður keppt um Alfreðsstöngina, tímaþraut og trukkadráttur við Tjarnarborg. Boðið verður upp á sjávarréttasúpu og grillaðar pylsur. HeliAir verður



með þyrluflug frá Ólafsfjarðarvelli kl. 17 og á sama tíma hefst knattleikur sjómanna og landmanna á vellinum. Á laugardagskvöldinu kl. 21 verður svo útiskemmtun við Tjarnarborg.

## Stjórnum þrýdd árshátíð sjómanna

Dagskrá sjómannadagsins hefst með skrudgöngu frá hafnarvog að Ólafsfjarðarkirkju kl. 10.15 en í hátíðarmessu dagsins verða sjómenn heiðraðir. Fjölbreytt fjölskylduskemmtun verður við Tjarnarborg kl. 13:30 og innandyrar verður kaffisala Slysavarnadeildar kvenna og stendur hún til kl. 16.

Hápunktur hátíðarhaldanna verður árshátíð sjómanna í íþróttahúsinu í Ólafsfirði kl. 19 en veislustjórni verður í höndum Audda Blö og Steinda Jr. Þar verða veitt verðlaun fyrir afrek helgarinnar, Ari Eldjárn skemmtir, sem og Ragga Gísla og Bríet sem koma fram með hljómsveitinni Albatross. Frá kl. 23 verður dansleikur með Albatross sem verður öllum opin.

# RAFTÍÐNI EHF

Sími 552 8710

raftidni@raftidni.is

rafvélaverkstæði - vindingar  
skipaþjónusta - raflagnir - viðhald

Grandagarður 16 · 101 Reykjavík

# Öllu tjaldað til í hátíðarhöldum á Patreksfirði

Ein af veglegustu sjómanna-dagshátíðum landsins er á Patreksfirði og þar dreifist hún á fjóra daga. Dagskráin hefst síðdegis á fimmtudag, 1. júní, með skemmtiskokki götugrilli og uppistandssýningu Péturs Jóhanns í félagsheimili Patreksfjarðar kl. 21.

Á föstudeginum verður sjómanna-gölmót og grill og kl. 17 sýnir Leikhópurinn Lotta leikritið Gilitrutt á Friðþjófstorgi. Dagskránni lýkur svo þann daginn með tónleikum í félagsheimilinu í boði Arnarlax þar sem stórhljóm-sveitin Nýdönsk skemmtir.

## Skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna

Dagskrá laugardagsins hefst strax kl. 10 með göngu um Patreksfjörð með Guðrúnu Ónnu þar sem sagðar verða grobb- og gróusögur frá Patreksfirði. Á sama tíma verður sjósund við búfneyri sem öllum er velkomið að taka þátt í.

Klukkan 11 verður dorgveiðikeppni við höfnina, einnig verður boðið upp á sjóstangaveiði á sama tíma og að þessu loknu bjóða íbúar á Hjöllum öllum í götusúpu. Eftir hádegið verður kraftakeppni og kl. 14 hefst skemmtidagskrá við Eyrargötu þar sem fram koma Björgvin Franz, Herra Hnetusmjör, Latibær og Lína langsockur. Hoppukastalar, sjávargrill, lifandi tónlist, gleði og grín í bland.

Klukkan 16 verður svo hin eftirsóttu hátíðarsigling um fjörðinn í boði og þar á eftir barnaball með Stuðlabandinu en hljómsveitin fylgir því sem eftir með stórdansleik sumarsins á sunnanverðum Vestfjörðum í félagsheimilinu. Hann hefst kl. 23:30 og stendur fram á rauða sumarnótt.

## Hátíðarmessa, heiðranir og kappróður

Hátíðarmessa sjómanna-dagsins verður í Patreksfjarðarkirkju kl. 11 og verða sjómenn heiðraðir við þá athöfn. Að henni lokinni verður skrúðganga að minnismerki um látna sjómenn.

Kappróður verður við höfnina kl. 13 og milli kl. 15 og 17 verður kaffisala kvenfélagsins Sifjar í félagsheimili Patreksfjarðar – sannkallað hnallþórukaffi.

## Frönsku sjómennirnir og gamli tíminn

Meðal fastra dagskrárliða alla hátíðardagana er sýningin Frönsku



■ Fjölmenni á hátíðarsvæðinu.



■ Dagskráin á Patreksfirði nær yfir fjóra daga.

fiskimennirnir og gamli tíminn sem er á Mýrum 8 á Patreksfirði. Sýningin er helguð veru franskra

fiskimanna á skútuöldinni hér við land og komu franskra vísindaleiðangra til Patreksfjarðar allt

aftur til ársins 1767. Á sýningunni má sjá einstæða muni og myndir, meðal annars myndir teknar af

Frökkum hér við land fyrir um 100 árum.



## Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

**Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?**

**Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?**

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru ellefu talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði lamsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

- » Launavernd í allt að 9 mánuði í veikindum
- » Styrkir vegna veikinda maka eða barna
- » Styrkir til kaupa á gleraugum og heyrnartækjum
- » Styrkir vegna fæðingar barns
- » Tryggingavernd allan sólarhringinn!
- » Aðgangur að tugum orlofshúsa og íbúða um land allt
- » Dánarbætur vegna andláts félagsmanns
- » Einstaklingsbundin þjónusta
- » Lögfræðiaðstoð

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert ellefu aðildarfélaga STF.

Við tökum vel á móti þér!

Samband  
stjórnendafélaga



Hlíðasmára 8  
201 Kópavogur  
Sími 553 5040  
stf@stf.is  
www.stf.is

**Sjómenn**

– til hamingju með daginn!



■ Sjómanna-lögin sungin um bord.



■ Mannhaf við Reykjavíkurhöfn og fánum prýdd skip við bryggju á sjómannadaginn.

# Þétt skemmtidagskrá við Reykjavíkurhöfn

Þétt hátíðar- og skemmtidagskrá verður á sjómannadaginn við Reykjavíkurhöfn en að hátíðarhöldunum standa Brim og Faxaflóahafnir í samstarfi við Sjómannadagsráð. Mikil áhersla er lögð á afþreyingu, fróðleik og skemmtun fyrir alla aldurshópa en aðal dagskráin stendur kl. 13-16.

Tvö svið verða á hafnarsvæðinu, annars vegar stóra sviðið við Brim og hins vegar litla sviðið á Grandagarði.

#### Dagskrá á tveimur sviðum

Á stóra sviðinu verður Jón Jónsson kynnrir og skemmtir gestum en þar koma einnig fram Gugusar, BMX brós, Daniil og GDRN auk þess sem harmonikkurnar verða þandar í sjómannaöldgunum.


Á litla sviðinu munu Begga og Mikki kynna dagskrána og skemmta en auk þeirra koma fram Tónafljóð, Lalli töframaður, Jón Arnór og Baldur og loks verður koddaslagur og sýnd björgun úr sjó.

#### Afþreying, fiskisúpa og furðufiskar

Þessu öllu til viðbótar verður fjöl-



■ Sannkölluð karnival stemning.



■ Sjórinn tekur við ef mönnum verður fótaskortur í þessari grein.



■ Mikið er lagt upp úr að dagskráin höfði til allra aldurshópa.



■ Sæbjörg, skip slysavarnaskóla sjómanna, er jafnan áhugavert að skoða og fræðast um þá áherslu sem lögð er á öryggismál sjómanna.



■ Hér þarf jafnvægið að vera í góðu lagi.



■ Furðulegir fiskar fanga augu barnanna.

margt annað í boði á svæðinu og raunar víðar um borgina. Minningarathöfn verður í Fossvogs-kirkjugarði kl. 10 og reglulegar siglingar í boði á varðskipinu Freyju milli kl 11 og 16. Farið verður í skróðgöngu frá Hörpu kl. 12:30, sjómenn verða heiðraðir við Hörpu kl. 14, andlitsmálun verður í boði, bryggjuspjell, furðufiskasýning, fönður í Svaninum hjá Brim, Sæbjörgin, skip slysavarnaskóla sjómanna verður til sýnis, myndlistarsýning verður í Víkinni sjóminjasafni, boðið upp á frisbígolf og fiskisúpa verður einnig í boði á svæðinu.

Það ætti því engum að leiðast við Reykjavíkurböfn á sjómanna-daginn.

# KLÁRIR Í BÁTANA



Gleðilega sjómanna-dagshátíð!

Tudor rafgeymar • Traust gæði í 40 ár



Lokaðir Síru



Hleðslutæki

12 eða 24v í mörgum stærðum




Purrir AGM

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU

Skorri ehf • 577-1515 • NÝTT Vefverslun: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

### Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktra framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



**Neyðarstigi í dekkbáta** með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



#### Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

#### Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



#### Stök kastlína í

**kastpoka** fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.

**Sjómenn - til hamingju með daginn!**